



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Hvað er svona merkilegt við það að vera
karlmaður?**

Um birtingarmynd kvenna í íslenskum glæpasögum

Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði

Tinna Eiríksdóttir

Maí 2012

Háskóli Íslands

Íslensku og menningardeild

Almenn bókmenntafræði

Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?

Um birtingarmynd kvenna í íslenskum glæpasögum

Ritgerð til B.A.-prófs

Tinna Eiríksdóttir

Kt.: 091084-3339

Leiðbeinandi: Auður Aðalsteinsdóttir

Maí 2012

Ágrip

Ritgerðin fjallar um birtingarmynd kvenna í íslenskum glæpasögum þar sem litið verður til stöðu kvenna innan bókmenntagreinarnar. Stuðst verður við kenningar úr kynjafræði og þá aðallega fræðimennina Judith Butler, Cordeliu Fine og Donnu Haraway þar sem áherslan er lögð á að samfélagið mótar konur og kvenhlutverk. Lauslega verður fjallað um sögu íslensku glæpasögunnar en eftir það verður sjónum beint að kvenpersónum rithöfundanna Yrsu Sigurðardóttur, Ævars Arnar Jósepssonar og Stellu Blómkvist, auk Arnaldar Indriðasonar. Litið verður til þeirra kvenpersóna sem leika stærstu hlutverkin í skáldsögum þeirra og skoðað hvernig staðalímyndir og kynjafordómar birtast í sögunum. Þá verður stuttlega fjallað um karlkyns sögupersónur í íslenskum glæpasögum og spurt hvort karlar eigi auðveldara uppdráttar en konur í jafn karlmiðuðum heimi og heimur glæpasögunnar er. Þá verður stuttlega fjallað um konur í erlendum glæpasögum. Meginniðurstaðan er sú að svo virðist að konur innan glæpasagna eiga enn langt í land með að standa jafnfætis karlmönnum.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. kafli – Hvað er glæpasaga?	2
2. kafli – Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?	4
3. kafli – Skopstældi, harðsoðni spæjarinn	9
4. kafli – Þóra – einkaspæjari í hjáverkum	14
5. kafli – Konurnar hans Arnaldar	20
6. kafli – Hvað með karlana?	26
7. kafli – Konur í öðrum löndum	29
8. kafli – Konurnar á bak við karlana - niðurstöður	31
Heimildaskrá	33

Líklega hafa fáar gerðir bókmennta sótt í sig veðrið af jafnmiklum krafti síðastliðin ár og glæpasagan. Slíkar skáldsögur, sem áður þóttu ekki merkilegar bókmenntir, eru nú mest seldu bækurnar fyrir hver jóla,¹ og íslenskir glæpasagnahöfundar njóta mikilla vinsælda hér á landi auk þess sem sumir hafa gert það gott utan landssteinanna. Sá íslenski glæpasagnahöfundur sem hefur notið hvað mestra vinsælda er Arnaldur Indriðason en einnig hafa glæpasagnahöfundar á borð við Yrsu Sigurðardóttur, Ævar Örn Jósepsson og Árna Þórarinsson fallið vel í kramið hjá íslenskum glæpasagnalesendum. Yfirleitt fjalla glæpasögur um miðaldra, karlkyns einstaklinga, gjarnan lögreglumann, blaðamann eða lögfræðing sem gengur vel í starfi en heima fyrir er allt í ólagi. Oftar en ekki er einstaklingurinn fráskilinn, skapþungur og á í stirðu, eða jafnvel engu, sambandi við börnin sín. Hann er hins vegar framúrskarandi rannsakandi og heldur ekki einungis glæpamönnum á tánum heldur einnig samstarfsmönnum sínum.

Áðurnefnd formúla er hvorki ný af nálinni né fundin upp hérlendis. Sem dæmi um lögreglumenn úr skandínávískum glæpasögum sem þessi lýsing passar við, má nefna Martin Beck, lögreglumanninn úr sögum Sjöwall og Wahlöö, Kurt Wallander úr sögum Henning Mankell og ef við höldum í vesturátt, þá má nefna Harry Bosch, spæjarann úr glæpasögum hins bandaríska Michael Connelly. Það má því segja að glæpasögur hafi framan af verið karlabókmenntir, þó svo lesendur séu af báðum kynjum, því lengi hefur virst sem starf rannsóknarlögreglumannsins sé karlastarf og þeir allra hörðustu og skörpustu séu karlkyns. Vissulega hefur þetta breyst á síðustu árum og dæmi um það þá er Linda, dóttir Wallanders í áðurnefndum skáldsögum Henning Mankell, prýðilegur lögreglumaður og rannsakandi. En hvað með konurnar í krimmum eftir íslenska höfunda? Hvernig standa þær gagnvart samstarfsmönnum sínum þegar kemur að kyni þeirra og fá þær sömu meðferð og karlkyns samstarfsmenn þeirra? Í þessari ritgerð verður fjallað um konur sem aðalpersónur í íslenskum glæpasögum. Horft verður til viðfangsefnisins með kynjafræðina að leiðarljósi og sýnt fram á að konur eiga jafn erfitt með að flýja staðalímyndir í glæpasögum og veruleikanum þegar kemur að jafn karlmiðuðum heimi og heimur rannsakenda er. Texti og lesandi vinna saman. Án lesanda er textinn ekki neitt og því þarf textinn að vera trúverðugur fyrir lesandann.² Glæpasögur eru iðulega samfélagsádeilur og þar af leiðandi þarf lesandinn að geta tengt við og trúað því sem hann er að lesa. Hér á eftir verða skoðaðar þrjár aðalpersónur úr helstu tegundum glæpasagna í

¹ Félag íslenskra bókaútgefenda. *Metsölulisti 25.12.11 - 31.12.11*. <<http://bokautgafa.is/index.php/2011/267-metsoelulisti-251211-311211>> [Skoðað 6.mars 2012]

² Wolfgang Iser. „The reading process: A phenomenological approach“. *Modern Criticism and Theory: A Reader*. Ritstjórar David Lodge og Nigel Wood. Essex: Pearson Education Limited, 1988, bls.189.

Þessum tilgangi og fjallað um hvernig þær birtast fyrst og fremst sem konur en ekki lögreglumenn eða lögfræðingar og gengur því erfiðlega að skilja staðalímyndina um konuna frá atvinnumanninum.

Þær þrjár kvenpersónur sem verður fjallað um hér á eftir, eru þær Þóra Guðmundsdóttir úr sögum Yrsu Sigurðardóttur, lögfræðingurinn Stella úr bókum leynihöfundarins Stellu Blómkvist og loks lögreglukonan Katrín úr skáldsögum Ævars Arnar Jósefssonar. Þessar þrjár kvenpersónur urðu fyrir valinu vegna þess að þær tilheyra ólíkum flokkum glæpasagna. Farið verður nánar í flokkana hér að neðan. Þessar konur hafa þó mismunandi bakgrunn og eru ólíkar. Ein þeirra er lögreglukona sem að starfar í karlaveldi, önnur er karlgerð tvíkynhneigð kynbomba og sú þriðja er einstæð móðir sem er ávallt boðin og búin til þess að fórna sjálfri sér fyrir fjölskylduna. Stuðst verður við kenningar Judith Butler um það hvernig samfélagið mótar staðalímyndir með fyrirfram ákveðnum hugmyndum um það hvernig kynin eigi að vera og hegða sér.³ Einnig verður stuðst við kenningar Donnu J. Haraway um það hvernig konur eru forritaðar af samfélaginu til þess að gegna fyrirfram ákveðnum kvenhlutverkum, samkvæmt því sem kemur fram í Sæborgaryfirlýsingu hennar⁴ og kenningar Cordelíu Fine um að það sé aðallega samfélagið sem mótar vitund okkar.⁵

Hvað er glæpasaga?

Glæpasagan verður augljóslega að fjalla um glæp til þess að geta flokkast sem slík en hægt er að skipta glæpasögum niður í fjölmarga mismunandi flokka. Meðal flokka eru:

1. **Leynilögreglusagan:** Svokallaðar „whodunnit“ eða „hvergerðiþað“ sögur, þar sem tilgangurinn er sá að sagan sé nokkurs konar leikur eða púsluspil þar sem nýjar vísbendingar gera glöggum lesanda það kleift að leysa glæpinn samhliða rannsóknarlögreglumanninum.
2. **Harðsoðna sagan:** Harðsoðni einkaspæjarinn er gjarnan engum háður heldur er hann atvinnurannsakandi sem vinnur fyrir sjálfan sig. Vegna þess hversu sjálfstæður hann er, er hann gjarnan óvinveittur lögreglu og yfirvöldum.

³ Judith Butler. *Gender Trouble*. New York & London: Routledge, 2006, bls. xxi-xxii.

⁴ Donna Haraway. *Simians, Cyborgs, and Women*. „A Cyborg Manifesto“. London: Free Association Books, 1991, bls. 150.

⁵ Cordelia Fine. *Delusions of Gender*. Icon Books: London, 2010, bls. xxvi.

3. **Raunsæja lögreglusagan:** Á fyrirmynd í starfsháttum lögreglu og rannsakar glæpi í raun og veru – sögurnar fjalla gjarnan um hóp lögreglumanna þar sem hver maður rannsakar sitt málið og beitir til þess nútímalegum rannsóknaraðferðum, t.d. með greiningartækjum á rannsóknarstofum o.s.frv.
4. **Glæpaspennusögur:** Ganga gjarnan út á að skýra hvað fær einhvern til þess að fremja glæp . Lögreglumaðurinn er ekki endilega í aðalhlutverki heldur geta sögurnar verið um njósnara, lögfræðing, fjöldamorðingja o.s.frv. auk þess sem í sögunum er gjarnan samfélagsrýni.⁶

Þessi listi er ekki tæmandi; til eru sögur sem segja frá glæpamanninum eingöngu, sögulegar glæpasögur, sem byggja á sönnum atburðum, og glæpasögur sem ganga eingöngu út á það að gera grín að glæpasögum. Oft og tíðum eru glæpasögur sambland af fleiri en einum flokki en þeir fjórir flokkar sem voru taldir upp hér á undan eru þó þeir sem tengjast skáldsögunum hvað mest sem fjallað verður um í þessari ritgerð.

Íslenska glæpasagan hefur verið til staðar í bókmenntum í þó nokkur ár. Í bók sinni *Glæpurinn sem ekki fannst – saga og þróun íslenskra glæpasagna* rekur Katrín Jakobsdóttir upphaf íslensku glæpasögunnar aftur til ársins 1910 með útkomu smásögunnar *Íslenzkur Sherlock Holmes*.⁷ Höfundur hennar, Jóhann Magnús Bjarnason, gaf þó ekki út glæpaskáldsögu heldur er saga Einars Skálaglamm, *Húsið við Norðurá* (1926), sú fyrsta sem hægt er að kalla íslenska glæpaskáldsögu. Tvær glæpasögur eftir Valentínus, *Sonur hefndarinnar- Leynardómar Reykjavíkur I* og *Týnda flugvélin - Leynardómar Reykjavíkur II* komu út árið 1932 og árið 1939 kom út bók Ólafs við Faxafen, *Alt í lagi Reykjavík*. Höfundarnöfn þessara þriggja höfunda voru dulnefni. Áratugina á eftir komu út ýmsar glæpasögur; um miðja 20.öldina gaf Valur Vestan út bækur sínar um Krumma sem sinnir spæjarastörfum í frítíma sínum. Valur hét réttu nafni Steingrímur Sigfússon og svo virðist sem það hafi tíðkast að gefa út glæpasögur undir dulnefni. Viktor Arnar Ingólfsson gaf út sína fyrstu bók í lok áttunda áratugarins en skáldsaga hans, *Dauðasök*, kom út árið 1978. Gunnar Gunnarsson sendi frá sér glæpasögu um svipað leyti, og hefur gefið út fimm skáldsögur til dagsins í dag. Einnig byrjaði einn afkastamesti núlifandi rithöfundur Íslands, Birgitta Halldórsdóttir, að senda frá sér skáldsögur á sama tíma en fyrsta bók hennar, *Inga*, kom út árið 1983. Bækur Birgittu eru

⁶ John Scaggs. *Crime Fiction*. London & New York; Routledge, 2008, bls. 37,60, 107-108 og 145-147.

⁷ Katrín Jakobsdóttir. *Glæpurinn sem ekki fannst – saga og þróun íslenskra glæpasagna*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands – Háskólaútgáfan, 2001, bls. 12.

ástarsögur með glæpaívafi – sögupersónur hennar lenda í hinum ýmsu ævintýrum en ástin er aldrei langt undan og spilar jafnvel stærra hlutverk í sögunum en glæpurinn. Birgitta hefur, eins og áður sagði, verið iðin við ritstörf en á árunum 1982 – 2005 komu út 23 skáldsögur eftir hana. Þó svo ýmsir rithöfundar hafi spreytt sig á glæpasagnaritun í gegnum tíðina hafa þeir aldrei verið jafnmargir eða afkastamiklir og síðustu fimmtán árin eða svo. Árið 1997 kom út fyrsta skáldsaga Arnaldar Indriðasonar, *Synir duftsins*, og má segja að hún hafi markað nokkurs konar tímamót, eða eins og Katrín orðar það í bók sinni: „Í heildina tekið hefur þróun glæpasagna verið hæg; fáar sögur voru skrifaðar framan af en þeim hefur fjölgað ört á allra síðustu árum.“⁸ Og það má með sanni segja að síðastliðin ár hafi ekki aðeins orðið fjölgun á ritun og útgáfu glæpasagna héraendis heldur njóta þær mikilla vinsælda. Sem dæmi um það má nefna að í síðustu viku ársins 2011 voru þrjár íslenskar glæpasögur í tíu efstu sætum metsölulista Félags íslenskra bókaútgefenda, þar á meðal í tveimur efstu sætunum.⁹ Þess vegna er tilvalið að skoða betur hvar konurnar, helmingur íslensku þjóðarinnar, eru staddar innan þessara vinsælustu afþreyingarbókmennta landsins sem eru oftast en ekki helsti vettvangur samfélagsádeilu. Þar af leiðandi er áhugavert að kanna hvort kynjahlutverkin séu meðal þeirra samfélagslegu þátta sem teknir eru fyrir í glæpasögum.

Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?

Það er staðreynd að karlar og konur eru líkamlega ólík. Sálfræðingurinn og rithöfundurinn Cordelia Fine minnst á sálfræðinginn Simon Baron-Cohen í bók sinni *Gender Delusions* en Baron-Cohen heldur því fram að heili karla sé forritaður frá fæðingu til að skilja og byggja upp kerfi á meðan kvenheilinn er forritaður til þess að skilja tilfinningar og hafa samkennd með öðrum, þó þetta sé að sjálfsögðu ekki algilt.¹⁰ Þessu er Fine ekki sammála en fullyrðing Baron-Cohen um mismuninn á heilum kynjanna bendir á staðreynd sem erfitt er að líta fram hjá. Í samfélaginu gegna konur og karlar mismunandi hlutverkum auk þess sem reynsluheimur þeirra er ólíkur. Kynhlutverk okkar mótast snemma á lífsleiðinni. Litlir drengir leika sér gjarnan að bílum á meðan stúlkur fara í „mömmó“ þó til séu stúlkur sem hafa engan áhuga á kvenmiðuðum leikföngum og vilja bara leika sér með „strákadót“

⁸ Sama rit, bls. 16.

⁹ Félag íslenskra bókaútgefenda. *Metsölulisti 25.12.11 - 31.12.11*. < <http://bokautgafa.is/index.php/2011/267-metsoelulisti-251211-311211> > [Skoðað 6.mars 2012]

¹⁰ Cordelia Fine. *Delusions of Gender*. Icon Books: London, 2010, bls. xix.

og sumir drengir vilja leika sér með dúkkur og önnur leikföng sem eru kennd við stúlkur. Leikfangaframleiðendur ýta undir þennan mun með því að halda ákveðnum leikföngum að börnunum sem uppfylla staðalímyndir. Iðulega má sjá dæmi um það í auglýsingatímum í kringum barnaefni í sjónvarpinu en þá eru sýndar auglýsingar sem sýna stúlkur að leik með bleik og kvenleg leikföng en strákar leika sér með torfærutrukka og hasarkarla.

Þannig sýnir samfélagið okkur snemma hvers sé ætlast til af okkur og Fine heldur því fram að það séum við sjálf sem setjum okkur þessar skorður því munurinn á kynjunum er í huga okkar.¹¹ Það er ef til vill ekki augljóst en við tilheyrum sitthvorum veruleikanum út frá kyni okkar. Katrín, aðalkvensöguhetjan í skáldsögum Ævars Arnar Jósepsonar, lifir og hrærist í heimi sem vissulega hægt er að kalla karlaheim en hún er rannsóknarlögreglumaður á vinnustað þar sem kynjahlutfallið er afar ójafnt. Ævar Örn hefur gefið út sex glæpasögur sem allar fjalla um sömu deildina innan lögreglunnar. Þar er rannsóknarlögreglumaðurinn Stefán, í fararbroddi ásamt, Katrínu, Árna og Guðna en sá síðastnefndi hefur allt á hornum sér og setur sterkan svip á skáldsögurnar með dónaskap, stælum og leiðindaathugasemdum um konur. Eftir tveimur þessara bóka, *Skítadjobbi* og *Svörtum englum*, var gerð sjónvarpsþáttaröð sem nefnd var eftir síðarnefndu bókinni.

Glæpasögur Ævars Arnar er hægt að flokka sem raunsæjar lögreglusögur þar sem fylgst er með rannsóknarvinnu hóps lögreglumanna með áherslu á þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru við lausn glæpamála, til að mynda yfirheyrslur og vettvangsrannsóknir.¹² Oftar en ekki fæst rannsóknarteymið í bókum Ævars Arnar við fleiri en eitt glæpamál hverju sinni og lesandinn fær að fylgjast með rannsókninni auk þess sem hann kynnist sögupersónunum og einkalífi þeirra ágætlega við lestur sagnanna. Í þeirri fyrstu, *Skítadjobbi*, leika Stefán, þrautreyndur rannsóknarlögreglumaður, og grænjaxlinn Árni stærstu hlutverkin. Katrínu, sem hér verður fjallað um, bregður lítillaga fyrir í þeirri sögu en hún fær veigameira hlutverk í þeim sögum sem á eftir koma og gefur lesandanum góða innsýn í það hvernig er að vera kona í karlaveldi. Katrín er í raun eina konan á vinnustaðnum sem minnst er á í bókunum fyrir utan Eydísi, sem fæst við réttarrannsóknir. John Scaggs minnst á það í bók sinni, *Crime Fiction*, að „femínískar túlkanir á þessari tegund glæpasagna gangi gjarnan út á það að skoða stöðu konunnar innan þessa hvíta, gagnkynhneigða, karlkyns heims sem á rætur að rekja til harðsoðnu glæpasögunnar.“¹³ Ævar Örn leyfir lesandanum að skyggast inn í þennan heim með því að hylja ekki

¹¹ Cordelia Fine. *Delusions of Gender*. Icon Books: London, 2010, bls. 235

¹² John Scaggs. *Crime Fiction*. London & New York; Routledge, 2008, bls. 147.

¹³ Sama rit, bls. 100. [Mín þýðing]

hugsanir Katrínar í gegnum framvindu sagnanna. Sem dæmi má nefna að Katrínu finnst vera nokkur metingur á milli karlkyns samstarfsmanna en einnig finnst henni þeir hlífa hver öðrum. „Þetta var hin hliðin á karlveldispeningnum, öðrumegin var typpaslagurinn, hinum megin samtryggingin. Allt þetta „böddí-böddí“ dæmi sem henni var svo vandlega haldið utanvið, ýmist meðvitað eða ómeðvitað.“¹⁴ Katrín er mjög meðvituð um að hún tilheyrir minnihlutahópi enda kemur það ítrekað fyrir að hún fær á sig athugasemdir fyrir að vera kona. Hún er þannig spurð hvort hún sé skapvond vegna þess að hún sé á blæðingum.¹⁵ Þegar hún mætir í pilsu og hælum í vinnunna fær hún á sig athugasemdir um að klæðnaðurinn sé kynþokkafullur¹⁶ og þegar hún lendir í erfiðum aðstæðum í vinnunni er gert ráð fyrir því að hún taki allt inn á sig og verði miður sín á meðan búist er við því að karlarnir harki af sér.¹⁷ Ljóst er að þetta veldur Katrínu auknu álagi í annars stressandi starfi.

Af þeim þremur kvenpersónum sem hér verður fjallað um er persóna Katrínar sú sem er meðvituðust um stöðu konunnar innan þessa karlmiðaða heims. Katrín veit að hún er kona í karlastétt og hún lætur klisjukennda framkomu karlanna í sinn garð fara í taugarnar á sér:

Katrín var ákveðin í því, eins og alltaf, að láta á engu bera útávið – það var nógu erfitt að vera kona í þessu starfi, nógu margar hindranir og klisjur að kljást við nánast á hverjum degi, þótt hún þyrfti ekki að hlusta á einhverja túrbrandara í þokkabót, og hún var staðráðin í að gefa ekki óþarfá færi á sér útaf þessu tiltekna „kvennavandamáli“.¹⁸

Það er svolítið merkilegt að Katrín er ítrekað skotspónn fyrir brandara sem gera lítið úr konum og ýta undir staðalímyndir, því hún flaggar því ekki að hún er kona. Vissulega hefur hún fætt börn, hún á eiginmann, hefur blæðingar og svo framvegis en hún ýkir ekki kvenleika sinn eða reynir að notfæra sér hann á nokkur hátt. Það verður samt að taka það fram að ekki eru allir samstarfsmenn hennar andfemínískir brandarakarlar og Árni samstarfsfélagi hennar hefur á henni miklar mætur, finnst hún góð lögga og „helvíti fín“.¹⁹ Það er rétt hjá Árna að Katrín er góð lögga og vel starfi sínu vaxin en hún er ekki einungis undir miklu álagi í vinnunni heldur einnig heima við. Maðurinn hennar, Sveinn, virðist hugsa meira um sjálfan sig en fjölskylduna og þegar á líður myndast mikill ágreiningur

¹⁴ Ævar Örn Jónsson. *Land tækifæranna*. Reykjavík: Uppheimar, 2009, bls. 32.

¹⁵ Sama rit, bls. 147.

¹⁶ Ævar Örn Jónsson. *Önnur líf*. Reykjavík: Uppheimar, 2010, bls. 149.

¹⁷ Ævar Örn Jónsson. *Sá yðar sem syndlaus er*. Reykjavík: Uppheimar, 2006, bls. 225.

¹⁸ Ævar Örn Jónsson. *Blóðberg*. Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 312.

¹⁹ Sama rit, bls. 45.

milli þeirra hjóna. Katrín er föst milli steins og sleggju; hún vill vera fagmannleg í vinnunni og vera til staðar fyrir fjölskylduna en það virðist ómögulegt fyrir hana að sinna báðum þessum hliðum lífs síns af fullum krafti. Hjónaband Sveins og Katrínar endar með skilnaði en hagur hennar í vinnunni vænkast og það er þungu fargi af henni létt. Lesandinn gæti þó farið að velta því fyrir sér hvort konur í ábyrgðastöðum séu dæmdar til þess að geta aðeins notið starfsframa eða þá lukku í einkalífinu – sambland af þessu tvennu er ekki í boði, að minnsta kosti ekki í þessu tilviki. Heimilislíf Katrínar hangir á bláþræði í *Landi tækifæranna* og hún sér það sífellt betur og betur að hjónabandi hennar er lokið. Þegar Katrín þarf að mæta til vinnu einn morguninn brýst út rifrildi á milli hennar og eiginmannsins sem börnin verða vitni að en hin útivinnandi kona í ábyrgðarstarfi þarf að yfirgefa heimilið þó svo börnin séu í uppnámi:

Ég ætla ekki að fá samviskubit núna hugsaði hún. Svenni var jú heima, ekki satt? Mundi hann vera með samviskubit í sinni vinnu ef þessu væri öfugt farið? Hún hélt ekki – þessi tilhugsun hjálpaði henni við að réttlæta það fyrir sjálfri sér sem engrar réttlætningar krafðist, nefnilega að hún vildi sinna sínu starfi.²⁰

Katrín þarf að sannfæra sjálfa sig um að hún sé ekki að gera rangt með því að vera útivinnandi en þjáist samt sem áður af krónísku samviskubiti hinnar útivinnandi móður. Samkvæmt Cordelíu Fine geta þær konur sem kjósa að vinna utan heimilisins búist við því að gjalda fyrir það með auknum húsverkum og barnagæslu. Hún vitnar í rannsókn sem gerð var meðal starfsmanna Kaliforníuháskóla þar sem í ljós kom að kvenkyns starfsmenn unnu samtals 102 klukkustunda vinnuviku, 51 stund utan heimilis og 51 stund innan þess við heimilisstörf. Karlmenn lögðu aftur á móti til 32 stundir á viku til heimilisins.²¹ Þegar samfélagið býst við því að konur sinni heimilinu í ákveðnu magni og taki virkan þátt í öllum hlutum barnaupveldis – er því yfirleitt sýndur skilningur ef karlmaður þarf að vinna og getur ekki sinnt heimilinu/börnum/maka sem skyldi - þá er það furða að konur skuli almennt sækjast eftir því að vinna störf sem krefjast ábyrgðar og mikillar viðveru eins og t.d. lögreglustörf. Rannsóknin sem Fine vitnar í gæti vel átt við í tilfelli Katrínar því Katrín þarf ekki aðeins að bera mikla ábyrgð í vinnunni, hún heldur einnig heimilinu uppi. Sögurnar um Katrínu falla vel undir það að vera raunsæjar lögreglusögur og þá sérstaklega þegar kemur að samfélagsádeilunni því eins og rannsóknin sem vitnað er í hér á undan

²⁰ Ævar Örn Jósefsson. *Land tækifæranna*. Reykjavík: Uppheimar, 2009, bls. 138.

²¹ Cordelia Fine. *Delusions of Gender*. Icon Books: London, 2010, bls. 92-93.

segir til um, er álag afar mismunandi og konur þurfa oftast en ekki að bera mikla ábyrgð heima við sem og á vinnustaðnum.

Í bók sinni *Simians, Cyborg, and Women* fjallar Donna Haraway um kvengervingu starfa þar sem hún segir:

Í kvengervingu felst það að eitthvað er gert einstaklega viðkvæmt, frekar er litið á starfsfólkið eins og þjóna en vinnuafli, vinnustundir eru utan tímaramma dagvinnu og þar af leiðandi er tilvera starfsmannanna á mörkum þess að vera andstyggileg og lítillækkandi.²²

Katrín starfar ekki við það sem kalla mætti „dæmigert“ kvennastarf en hún mætir mótstöðu vegna kyns síns og þá sérstaklega frá Guðna samstarfsmanni sínum. Þegar hann kemst að því að Stefán, yfirmaður þeirra í lögreglunni, kys að setja Katrínu í ábyrgðarstarf frekar en hann verður hann afar ósáttur, ekki vegna þess að hún hefur styttri starfsreynslu en hann, heldur vegna þess að hún er kona þó hann segi það ekki með berum orðum.²³ Guðni er andstæðan við Katrínu en hann er sú persóna sem höfundur sagnanna notar hvað mest til þess að sýna ójöfnuðinn á milli kynjanna innan lögreglunnar. Guðni er ófeiminn við að láta hvern sem er heyra hvaða álit hann hefur á konum og er greinilegt að það er ekki mikið, til dæmis kallar kann flestar konur kellingar og það er gjarnan hann sem kemur með einhvers konar skot á Katrínu sem tengjast útliti hennar eða kyni.²⁴ Það getur vel verið að þetta sé einungis hlutverk sem hann leikur, enda er Guðni eins og persóna úr B-mynd og notar óspart klisjukennda frasa á borð við þá sem heyra má í amerískum löggubáttum. Það sem skiptir þó meira máli, og ádeilan felst í, er að honum skuli finnast í lagi að tala svona um konur og þar að auki samstarfsmann sinn.

Katrín segir sjálf að „skaufaleysið sé henni til vansa“²⁵ og þó svo hún fái aukavaktir til jafns við karlana og takist á við störf sem krefjast úthalds og hörku er hún ekki „ein af strákunum.“²⁶ En að hennar mati telur hún sig standa jafnfætis mörgum starfsfélögum sínum að því leyti og framur sumum.²⁷ Það vekur upp spurninguna um það hvort Katrín fái nokkurn tímann á sig athugasemdir sem tengjast fagmennsku hennar og starfshæfni en ekki kyni og þó Katrínu verði stundum á, eru athugasemdir um störf hennar færri en

²² Donna Haraway. *Simians, Cyborgs, and Women*. „A Cyborg Manifesto“. London: Free Association Books, 1991, bls. 166. [Mín þýðing]

²³ Ævar Örn Jónsson. *Svartir Englar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2004, bls. 22.

²⁴ Ævar Örn Jónsson. *Önnur líf*. Reykjavík: Uppheimar, 2010, bls. 53 og 149.

²⁵ Ævar Örn Jónsson. *Svartir Englar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2004, bls. 23

²⁶ Sama rit, bls. 23.

²⁷ Sama rit, bls. 24.

athugasemdir um kyn hennar. Skyldu samstarfsmenn hennar ekki sjá lögreglumanninn fyrir kvenmanninum? Katrín virðist vera á ágætis uppleið innan lögreglunnar og ganga vel í starfi. Hún þarf samt sem áður sífellt að berjast áfram innan karlaveldisins. Í tilviki Katrínar er um að ræða prýðisgóðan lögreglumann sem þarf oftast en ekki að afsanna þær fyrirframgefnu hugmyndir sem aðrir gætu hafa um hana, bara vegna þess að hún er kona.

Skopstældi, harðsoðni spæjarinn

„Leðurdressið fellur þétt að líkamanum. Dökka pilsíð er stutt. Hnéhá stígvélin glansandi svört. En mjúki silkibolurinn sem gælir við nakið holdið undir fráhnepptum jakkanum er hvítur sem mjöll.“²⁸ Þannig lýsir lögfræðingurinn Stella Blómkvist klæðnaði sínum þegar hún heldur á fund með prest í tengslum við útför föður hennar. Útlitslýsingin gæti ekki verið dæmigerðari fyrir persónu Stellu, nema ef hún héldi á glasi af viskíu og minntist á sítt, ljóst hárið sem hún kallar að jafnaði „gersemína sína.“²⁹ Stuttu síðar í skáldsögunni, eftir að karl faðir hennar hefur verið jarðsunginn taldregur Stella prestinn í kirkjunni og þau njóta trylltra ásta fyrir framan altarið.³⁰ Þannig er Stella Blómkvist í hnotskurn - tvíkynhneigða hörkukvendið sem virðist ávallt vera tveimur skrefum á undan „prúdupiltunum“,³¹ eins og hún kys að kalla lögreglumenn. Hún er drykkfelld, leðurklædd kynbomba sem leysir hvert sakamálið á fætur öðru og lendir reglulega í miklum háska enda sýnir hún sjaldan aðgát í leit sinni að sannleikanum heldur svífst einskis.

Ekki er vitað hver er höfundur glæpasagnanna um Stellu og hvort viðkomandi er karl eða kona. Sögurnar eru gefnar út undir dulnefninu Stella Blómkvist og frásögnin er í fyrstu persónu. Ef til vill er hugmyndin sú að láta lesandann fá það á tilfinninguna að ævintýri sögupersónunnar hafi í raun og veru átt sér stað. Í sumum bókunum verða á vegi Stellu raunverulegar persónur, sbr. Geirfinnur Einarsson í *Morðinu í Hæstarétti*. Það að lesandinn veit ekki hver höfundurinn er gefur bókunum dularfullt yfirbragð. Nýverið hélt höfundur bókanna því fram í viðtali að í næstu bók ætli hann að koma upp um það hver hann er³² en þegar þetta er skrifað er sjöunda bókin um Stellu Blómkvist, *Morðið á Bessastöðum*, nýkomin út en þar kemur ekkert fram um hver höfundurinn. Það er enn á

²⁸ Stella Blómkvist. *Morðið í Drekkingsrhyll*. Reykjavík: Mál og menning, 2005, bls. 94.

²⁹ Stella Blómkvist. *Morðið í Alþingishúsinu*. Reykjavík: Mál og menning, 2002, bls. 14.

³⁰ Stella Blómkvist. *Morðið í Drekkingsrhyll*. Reykjavík: Mál og menning, 2005, bls. 119.

³¹ Stella Blómkvist. *Morðið í Sjónvarpinu*. Reykjavík: Mál og menning, 2000, bls. 25.

³² Kristjana Guðbrandsdóttir. DV. „Stella Blómkvist ætlar að koma út úr skápnum.“

<<http://www.dv.is/menning/2011/9/19/stella-blomkvist-aetlar-ad-koma-ur-skapnum/>> 19.september 2011.
[Skoðað 1.febrúar 2012]

huldu hver hann er í raun.³³ Nokkrar bókanna um Stellu Blómkvist hafa verið gefnar út erlendis, og líklega kannast flestir íslenskir unnendur glæpasagna við bækurnar um þennan harðsoðna lögfræðing. Margir hafa skemmt sér við það að koma með kenningar um það hver raunverulegur höfundur sagnanna sé og hafa ýmsir verið nefndir, allt frá karlkyns fyrrverandi ráðamönnum þjóðarinnar yfir í kvenkyns verðlaunarithöfunda en burtséð frá því hver höfundurinn er og hvert kyn hans er þá er ekki hægt að segja annað en að hann vinni með hefðbundin kynhlutverk á flestum sviðum. Það má vel vera að Stella sé hörð í horn að taka en hún uppfyllir einnig útlitslegar kröfur samfélagsins auk þess sem hún gengur lengra með því að klæðast helst eingöngu níðþröngum leðurklæðnaði. Laura Mulvey segir í umfjöllun sinni um *hið karllega tillit* að:

Í heimi sem er stjórnað af kynferðislegu ójafnvægi hefur áhorfsnautninni verið skipt á milli hins virka/karllega og hins óvirka/kvenlega. Hið ákveðna karllega tillit kastar hugarburði sínum yfir á kvenmannslíkamann sem að á móti uppfyllir kröfu hans.³⁴

Stella Blómkvist uppfyllir kröfu hins karllega tillits með því að gera sem mest úr þeirri staðreynd að hún sé kvenmaður og kynvera. En það að hafa kynþokkann ávallt í fyrirrúmi gerir hana berskjaldaða fyrir árásum þeirra karla sem og kvenna sem að á vegi hennar verða enda kemur það fyrir að hún sængar hjá óvininum eins og kemur fram hér að aftan. Ef til vill á útlit hennar að vera yfirlýsing höfundar um að konur eigi að geta klætt sig á kynþokkafullan hátt án þess að það hafi áhrif á störf þeirra. Ætlun höfundar gæti þess vegna átt að vera tilraun til þess að láta Stellu vera nokkurs konar holdgerving kvennahreyfingarinnar og sjálfstæðis og sýna fram á að kynþokki og hæfni í starfi eru tveir ólíkir hlutir. Það virðist þó vera þannig að Stellu gangi illa að halda þessu tvennu aðskildu enda blandar hún ítrekað saman viðskiptum og ánægju.

Sögurnar um Stellu Blómkvist falla vel inn í hið harðsoðna form glæpasögunnar eins og því er lýst í bók John Scaggs, *Crime Fiction*. Einkennum hins harðsoðna einkaspæjara er lýst í inngangi ritgerðarinnar en auk þess sem þar kemur fram um að harðsoðni spæjarinn sé engum háður og sjálfstæður þá er það einnig einkenni hins harðsoðna karacters að hann skilur markvisst við fortíð sína. Hann reynir að gleyma fyrra lífi og í harðsoðnum sögum hefur það mikil áhrif á persónu ef fortíðardraugar birtast enda ógnar

³³ Viðtalið sem vísað er í hér á undan var tekið í september 2011 en bókin *Morðið á Bessastöðum* kom út hjá Máli og menningu um mánaðarmótin mars/apríl 2012.

³⁴ Laura Mulvey. „Woman as Image, Man as Bearer of the Look“, *Media and Cultural Studies Keywords*, ritstj. Meenakshi Gigi Durham & Douglas M. Kellner, Oxford: Blackwell Publishing Ltd, 2006. Bls. 346.

það tilveru persónunnar.³⁵ Stella Blómkvist er engum háð, hún stendur algerlega á eigin fótum, bæði í einkalífinu og atvinnurekstri og er vel stæð fjárhagslega enda minnst hún reglulega á aðdáun sína á Mammon, persónugervingi græðgi og peninga. Stella neitar að takast á við dæmigerð kvenhlutverk og gerir því hefðbundin karlhlutverk að sínum með því að vera ekki upp á neinn komin. Þó svo að hverjum einasta kafla í bókunum ljúki á tilvitnun í móður Stellu, einhvers konar heilræði sem gjarnan tengist efni kaflans á Stella ekki í góðu sambandi við móður sína. Sú síðarnefnda býr í Vesturheimi og þær mæðgur hittast afar sjaldan. Auk þess á Stella ekki í neinu sambandi við föður sinn og segir sjálf að hún sé ekki jafn heppin og dóttir hennar að „vera pabbalaus þegar hún var lítil.“³⁶ Hún flutti að heiman eins fljótt og hún gat og sagt er frá því í skáldsögunum að faðir hennar hafi leitað kynferðislega á hana eftir að hún varð kynþroska.³⁷

Fortíðin sækir á Stellu; ekki aðeins með minningabrotum heldur einnig þegar hún tekur að sér skjólstæðinga sem tengjast fortíðinni á einn eða annan hátt. Tveir þættir úr fortíð Stellu, sem virðast hafa haft hvað mest áhrif á hana, tengjast kvenleika hennar. Hún verður ólétt 14 ára gömul eftir stutt ástarsamband við töluvert eldri mann og er send í fóstureyðingu. Faðir hennar úthúðar henni og kallar hana hóru en leitar samt sem áður á hana með augnaráði sínu og þannig er hún svipt bæði sakleysi sínu og föðurímyndinni.³⁸ Þó svo Stella fylgi ekki beint hefðbundnu kvenhlutverki, eða eins og Katrín Jakobsdóttir orðar það „slæst, drekkur óhóflega og brúkar kjaft en slíkt framferði hefur þótt lítt sæmandi konum.“³⁹ virðast þessir atburðir úr fortíðinni sitja í henni.

Það er jafnvel spurning hvort reynsla fortíðarinnar ýti undir fjöllyndi hennar og geri það að verkum að Stella tefli fram kynþokka sínum. Samkvæmt Judith Butler:

skapar kyn okkar reynslu, tengda kynferði, kyni og þrá, aðeins þegar kynlíf er á einhvern hátt nauðsynlegt kyninu. Kynið veitir andlega eða menningarlega sjálfsmynd - en þrá er gagnkynhneigð og skilur sig frá hinu kyninu sem viðkomandi þráir. Hin samfélagslega skilgreinda gagnkynhneigð skapar því bæði möguleika og takmarkanir kynjanna innan kynjakerfisins.⁴⁰

³⁵ John Scaggs. *Crime Fiction*. London & New York; Routledge, 2008, bls. 66.

³⁶ Stella Blómkvist. *Morðið á Bessastöðum*. Reykjavík: Mál og menning, 2012, bls. 84.

³⁷ Stella Blómkvist. *Morðið í Alþingishúsinu*. Reykjavík: Mál og menning, 2002, bls. 154-156.

³⁸ Sama rit, bls. 153-154.

³⁹ Katrín Jakobsdóttir. *Glæpurinn sem ekki fannst – saga og þróun íslenskra glæpasagna*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands – Háskólaútgáfan, 2001, bls. 73.

⁴⁰ Judith Butler. *Gender Trouble*. New York & London: Routledge, 2006, bls. 30-31. [Mín þýðing]

Stella Blómkvist fer þvert á móti þessari skilgreiningu Butler á kynjakerfinu. Stella er tvíkynhneigð þó hún hallist meira að konum í skáldsögunum og oftast en ekki, er það hún sem taldregur eða heldur í stjórnartaumana í kynlífsathöfninni sjálfri. Judith Butler minnst á fallusinn í tengslum við umfjöllun sína um Lacan, þar sem segir „að þegar konur eru fallusinn þýðir það að „vera“ fallusinn að sýna völd hans, að íklæðast honum, að vera sá staður sem hann fer inn í, og ljær honum þýðingu sína með því að vera „hinn“, skortur hans, díalektísk staðfesting á einkenni hans“.⁴¹ Butler bætir við að:

Konur eru sagðar vera fallusinn í því samhengi að þær hafa völdin til að tákna „raunveruleika“ mótaðrar stöðu karlmansins og ef það vald væri tekið í burtu þyrfti að endurskoða allar grunnundirstöður tálmyndarinnar um stöðu karlmansins.⁴²

Segja má að Stella nýti sér völd sín og stöðu sem kvenmaður og virðist hún geta vafið hverjum þeim karli, sem á vegi hennar verður, um fingur sér, auk þess sem hún drottinnar ítreað yfir þeim konum sem hún sængar hjá og bregður sér í „hlutverk“ karlmansins. Oftast en ekki virðist lítið þurfa til þess að Stella leiti á aðrar konur og gerir hún það jafnvel án þess að viðkomandi hafi gefið í skyn að hún vilji sofa hjá henni: „Ég leyfi fýsninni að taka völdin. Get ekki annað. Sný mér við. Gríp harkalega um hægri hönd Maríu. Þrýsti fingrum hennar niður með kviðnum. Inn á milli barmanna. Gránd síró. María hikar. En bara smástund.“⁴³ Stella er stundum óþægilega ágeng og gerir mörkin á milli hins karllæga og kvenlæga óskýr. Hún hegðar sér ekki beint eftir hugmyndum samfélagsins þegar kemur að kynlífi og virðist einnig hafa mikla þörf fyrir að vera hörkutól og ráðandi afl í öllum samskiptum sínum. Þessi harka, og þörfin fyrir að vera engum háð, kemur henni oftast en einu sinni í ógöngur og tengist jafnan fjöllyndi hennar. Það kemur fyrir að hún láti lokka sig í gildirur undir fölsku yfirskyni og það af óvinum, sem komast óþarflega nálægt henni, vegna þess að hún hafði boðið þeim upp í rúm með sér:

Allt í einu sé ég stjórnur! Heilan helling af stjörnum. Svo kikna ég í hnjáliðunum og fell fram fyrir mig. Finn hrikalegan sársauka í höfðinu og annarri öxlinni. Ber handleggina ósjálfrátt fyrir mig um leið og ég hníg niður á hrjúft gólfið. Annað högg dynur á mér.⁴⁴

⁴¹ Sama rit, bls. 59.

⁴² Judith Butler. *Gender Trouble*. New York & London: Routledge, 2006, bls. 61. [Mín þýðing]

⁴³ Stella Blómkvist. *Morðið í Rockville*. Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 156.

⁴⁴ Stella Blómkvist. *Morðið í Stjórnarráðinu*. Reykjavík: Mál og menning, 1997, bls. 215.

Þetta brot úr sögunni, *Morðið í Stjórnarráðinu*, segir frá því þegar Lilja Rós, nán vinkona fórnarlambins í sögunni, og einnig kona sem hefur sitthvað að fela, lokkar Stellu inn í mannlausa blokk og ræðst síðan á hana. Hlutirnir hefðu eflaust farið öðruvísi ef lögfræðingurinn hefði ekki tekið upp á því að sofa hjá Lilju Rós og eins og svo oft áður var það Stella sem hafði frumkvæðið. Í sögulok er morðið í Stjórnarráðinu líka óleyst og Stella situr eftir með sára öxl en reyndar reynslunni og einum Bens ríkari.

Stella lætur það ekki stöðva sig þó hún fái hótanir og lendi í líkamsárásam. Hún er langt því frá að vera viðkvæm kona sem þarfnast björgunar og heldur ótraud áfram baráttu sinni fyrir réttlætinu. En þó svo Stella neiti að takast á við dæmigerð kvenhlutverk sér samfélagið kynin samt sem áður á ólíkan hátt. Hin ólíku kynhlutverk eru tengd því hvernig kynin hegða sér, hvernig kynin hafa ólíkt lundarfar og oftast en ekki viðhorf. Þessi munur á hegðun kynjanna skapar hugmyndina um að kynin séu ólík auk þess sem hann ýtir undir klisjukenndar staðalímyndir.⁴⁵ Stella berst gegn stöðluðum kynhlutverkum samfélagsins með harðri framkomu og með því að vera engum háð en hún getur ekki flúið kvenleikann eða sinn eigin líkama. Í bókinni *Morðið í Rockville* er Stella orðin ólétt eftir áðurnefnt ástarævintýri með prestinum en hún lætur það reyndar ekki hindra sig í því að ganga í stuttum leðurpilsum eða eiga í ástarævintýri með vitni í málinu sem hún rannsakar. Þungunin leikur frekar stórt hlutverk í sögunni og dregur á vissan hátt athyglina frá aðalsögunni og rannsókninni á glæpnum. Aðalpersónan, konan, hefur hér misst stjórnina yfir eigin líkama og það hefur heftandi áhrif.

Það er ekki bara líkaminn sem hefur hindrandi áhrif því þó svo Stella sé valdamikil í einkalífinu og haldi í stjórntaumana þar, þarf hún sífellt að berjast á móti karlaveldinu. Í umfjöllun sinni um Stellu segir Katrín Jakobsdóttir að „Stella getur jafnvel talist skopstæling á hinum hefðbundna, harðsoðna spæjara þar sem öllu er snúið á hvolf; hún hegðar sér að öllu leyti þannig að karlmannlegt geti talist en er samt kona.“⁴⁶ Og það er líklega það sem stendur henni fyrir þrifum. Stella er eftir allt saman - hvernig sem hún hegðar sér, sama hvað hún rífur mikinn kjaft, drekkur mikið viskí, sefur hjá mörgum einstaklingum – kona í augum samfélags sem hefur fyrirfram mótaðar hugmyndir um hegðun og stöðu kvenna.⁴⁷ Starfsvettvangur Stellu er einnig ekki sá auðveldasti og þá er

⁴⁵ Margaret Mooney Marini. „Sex and Gender: What do we know?“. *Sociological Forum*, árg.5, nr.1, 1990, bls. 98.

⁴⁶ Katrín Jakobsdóttir. *Glæpurinn sem ekki fannst – saga og þróun íslenskra glæpasagna*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands – Háskólaútgáfan, 2001, bls. 73.

⁴⁷ Í *Morðinu í Rockville* (2006) er enn þó nokkur tími í að Stella eigi að fæða barnið en er spurð að því hvort hún sé nokkuð komin á fæðingardeildina (bls. 27). Í *Morðinu í sjónvarpinu* (2000) segir ein sögupersónan við Stellu „Sumar kellingar eiga svo makalaust erfitt með að skilja okkur karlmennina“ (bls. 67-68.). Í *Morðinu á*

ekki átt við hlutverk lögfræðingsins heldur einkaspæjarahlutverkið sem Stella bregður sér svo gjarnan í. Störf kvenspæjarans á afar karlmannlegum vettvangi eru ónáttúruleg að því leyti að hún þarf að bregða sér í kynhlutverk sem hefur verið aftengt upprunalega líkamanum. Þannig eru kyn og karlmennskuhlutverk bæði leikin og skopstæld.⁴⁸ Þetta á vel við túlkun Katrínar Jakobsdóttur að Stella sé skopstæling á harðsoðna spæjaranum, en þarf það að vera þannig? Ætti kona ekki að geta rannsakað glæpi og verið harður einkaspæjari án þess að það þurfi að verða að einhvers konar skopstælingu? Þrátt fyrir að vera hörkukvendi, sjálfstæð og standa karlmönnum jafnfætis er erfitt að taka niður kynjagleraugin og sjá einkaspæjarann frekar en kvenmanninn. Stella Blómkvist, lögfræðingurinn og einkaspæjarinn sem svífst einskis og er drifin áfram af sterkri réttlætiskennnd, er gott dæmi um að konur eigi eitthvað í land með það að standa jafnfætis karlmönnum í hinum harða heimi rannsakandans. Hún er þó ágætis byrjun.

Þóra – einkaspæjari í hjáverkum

Árið 2005 kom nýr glæpasagnarithöfundur fram á sjónarsviðið og heillaði unnendur glæpasagna með fyrstu bókinni um lögfræðinginn, Þóru Guðmundsdóttur, *Þriðja tákniinu*. Yrsa Sigurðardóttir, sem er verkfræðingur að mennt, hafði áður sent frá sér sögur fyrir börn og meðal annars hlotið íslensku barnabókaverðlaunin en eftir að hún hóf að semja glæpasögur kannast flestir landsmenn við hana. Yrsa tilheyrir nú aðli íslenskra glæpasagnahöfunda enda iðulega kölluð „drottning glæpasögunnar“ í gagnrýni um skáldsögur hennar og á bókarkápum. Sögur Yrsu um lögfræðinginn, Þóru Guðmundsdóttur, eru orðnar sex talsins en einnig hefur hún gefið út söguna *Ég man þig*, sem fjallar ekki um Þóru og á ef til vill meira skylt við hrollvekjur en glæpasögur. Lögfræðingurinn Þóra er kjarnakona - einstæð, tveggja barna móðir sem finnur sér einnig tíma til þess að leysa glæpi. Iðulega fær hún til sín skjólstæðinga sem biðja hana um að rannsaka mál fyrir sig en Þóra hefur einstaka náðargáfu þegar kemur að því að komast að sannleikanum. Inn í frásögnina af Þóru blandast síðan frásagnir af heimilislífinu, ástarlífinu, samskiptunum Þóru við foreldra sína og fyrrum eiginmanninn og hvernig það

Bessastöðum (2012) verður Stella síðan aftur fyrir fordómum þegar maður sem hún er að yfirheyra segir: „Þú hlýtur að vera einstaklega fíflaleg kona fyrst þú þykist ekki aðeins vera lögmaður heldur líka miðill. Ég var alltaf á móti því að hleypta konum inn í Lögmannafélagið“ (bls. 143).

⁴⁸ Anna Wilson. “Death and the Mainstream: Lesbian Detective Fiction and the Killing of the Coming-Out Story”. *Feminist Studies*, árg. 22, nr. 2, 1996, bls. 254-255.

er að vera einstæð móðir með tvö börn (og síðar meir tengdadóttur og barnabarn) og allt sem því fylgir.

Sögurnar af Þóru er hægt að flokka sem „hver gerði það“ eða „whodunnit“ leynilögreglusögu en þess konar skáldskapur gengur gjarnan út á það að dularfullt mál er rannsakað með óhefðbundnum leiðum og þar af leiðandi er slíkar sögur einnig kallaðar leyndardómssögur (e. „Mystery fiction“).⁴⁹ Það má jafnframt finna minni úr gotneskum skáldskap í sögunum um Þóru því höfundurinn er ófeiminn við að hafa yfirnáttúrulegt andrúmsloft í bókunum og gefa þannig í skyn að það séu aðrar verur á sveimi, verur sem við sjáum ekki. Gotneskar sögur gerast gjarnan í köstulum, rústum bygginga eða á eyðilegum landssvæðum⁵⁰ og falla sögurnar *Sér grefur gröf*, sem gerist á Snæfellsnesi, *Auðnin* sem gerist í óbyggðum Grænlands og nýjasta skáldsaga Yrsu, *Brakið*, sem gerist á hafi úti, allar undir þessa skilgreiningu. Þessi samruni glæpasögunnar og gotnesku sögunnar tekst vel upp og draugasögulegt ívafið skemmir ekki fyrir glæpasögunni sem verið er að segja, þar sem höfundur varast það að stíga of mikið út fyrir raunsæið. Lögfræðinginn, Þóru, er ekki hægt að setja í flokk með harðsoðnum spæjurum á borð við Stelli Blómkvist því til þess er Þóra ekki nógu mikið hörkutól. Auk þess hefur hún stórt tengslanet af fólki kringum sig, og eins og áður hefur komið fram, er það nokkurs konar skilyrði fyrir hinn harðsoðna einkaspæjara að vera engum háður. Móðurhlutverkið mýkir jafnframt Þóru og börn Þóru og síðar barnabarn og tengdadóttir, leika stórt hlutverk í skáldsögunum.

Skilin á milli lögfræðingsins Þóru og móðurinnar Þóru eru afar óljós í gegnum skáldsögunnar. Í bók sinni, *Delusions of Gender*, minnst Cordelia Fine á rannsókn sem gerð var í tengslum við atvinnuumsóknir og foreldrahlutverkið. Þar sendu rannsóknarmenn út gerviatvinnuumsóknir til fjölda fyrirtækja sem höfðu auglýst eftir starfskrafti. Gerviumsækjendurnir voru af báðum kynjum en annar gerviumsækjandinn átti barn en hinn ekki. Að öðru leyti voru umsóknirnar nákvæmlega eins. Í ljós kom að frekar var haft samband við barnlausa gerviumsækjandann heldur en gerviumsækjendur af kvenkyni sem áttu barn. Það virtist þó ekki breyta neinu ef hæfur karlkynsumsækjandi átti barn.⁵¹ Svona lagað er eflaust ekki tilfallandi, að barnlaust fólk sé vinsælli vinnukraftur en þeir sem eiga börn. Fine segir í tengslum við áðurnefnda rannsókn að staðalímyndir geti mótað sýn okkar á annað fólk og komið þannig í veg fyrir að við teljum kvenumsækjanda

⁴⁹ John Scaggs. *Crime Fiction*. London & New York; Routledge, 2008, bls. 144.

⁵⁰ Sama rit, bls. 145.

⁵¹ Cordelia Fine. *Delusions of Gender*. Icon Books: London, 2010, bls. 57.

hafa nægilegt sjálfstraust, sjálfstæði og metnað til að ná langt í störfum sem krefjast leiðtogaþæfni.⁵² Þar sem börn Þóru eru í stóru hlutverki í lífi hennar þá aðgreinir hún sig frá hinum klisjukennda karlkyns einkaspæjara sem yfirleitt á ekki börn. Ef karlkynsspæjarinn á börn þá sinnir hann þeim ekki sem skyldi og á oftast en ekki í stirðu eða engu sambandi við þau – og uppfyllir þannig staðalímynd um hæfa einkaspæjarann sem að er ófær um að eiga í eðlilegu fjölskyldusambandi.⁵³

En þó svo Þóra sé vissulega sjálfstæð og standi á eigin fótum getur hún ekki flúið móðurhlutverkið á sama hátt og karlkynsspæjararnir geta yfirgefið föðurhlutverkið frekar en aðrar kröfur sem gerðar eru til hennar sem konu. Í *Sér grefur gröf* kemur fram að Þóra hefur nýlega keypt hjólhýsi og jeppa. Einn daginn, þegar Þóra er úti á landi að sinna sínum störfum, tekur bílprófslaus sonur hennar upp á því að stinga af á jeppanum með áföstu hjólhýsinu í kjölfar þess að honum sinnast við föður sinn. Hann tekur síðan óléttu kærustu og yngri systur sína með sér. Þóra fær símtal frá fyrrum eiginmanni sínum og jafnframt því sem að hún þarf að leysa sakamál, þarf hún einnig að hafa áhyggjur af börnum sínum og gefur augljóst í skyn við Matthew, kærastann sinn, að börnin hennar séu henni stundum ofviða:

Gylfi var yfirleitt hlýðinn en ef þau höfðu lagt út í vegkanti eða á ámóta gáfulegum stað hlyti að koma að því að þau yrði svöng eða fyndu hjá sér þörf að færa sig á betri stað. Hún setti símann í vasann og sneri sér að Matthew. „Ég endurtek orð mín frá því í gærkvöldi. Ekki eignast börn.“⁵⁴

Það kemur að sjálfsögðu í hlut Þóru að bjarga málunum og sækja börnin þegar þar að kemur. Það er mamman sem þarf að koma og kippa öllu í lag þegar enginn annar getur gert það. Ofan á allt virðist fyrrum eiginmaðurinn, Hannes, til einskis nýtur og Þóra neyðist til að hafa börnin hjá sér á meðan hún rannsakar hvort það sé reimt á heilsuhótelinu á Snæfellsnesi. Eins og vanalega þarf Þóra sjálf að halda öllu til haga og það með lítilli eða engri aðstoð.

Þóra virðist vera sterk á yfirborðinu, sjálfstæð kona sem plummar sig ágætlega þrátt fyrir að hún beri mikla ábyrgð, bæði í atvinnulífinu og einkalífinu. Hún er útivinnandi

⁵² Sama rit, bls. 57.

⁵³ Sem dæmi um það má nefna Erlend Sveinsson, lögreglumanninn í sögum Arnaldar Indriðasonar sem að á í stirðum samskiptum við börn sín í kjölfar skilnaðar við konu sína og Einar blaðamann úr sögum Árna Þórarinssonar sem að er fráskilinn, drykkfelldur en hefur þróað ágætis samband við dóttur sína með tímanum.

⁵⁴ Yrsa Sigurðardóttur. *Sér grefur gröf*. Veröld: Reykjavík, 2007, bls. 205.

einstæð móður sem hefur í nægu að snúast en hún gefur sér samt sem áður tíma til þess að hafa áhyggjur af útlitinu:

Að vísu væri líklega ekki hægt að segja að hún væri falleg eða glæsileg en há kinnbein og blá möndlulaga augu gerðu það að verkum að hún gat alveg talist myndarleg. Hún hafði líka verið svo lánsöm að hafa líkamsvöxtinn úr móðurættinni þannig að hún hélt sér alltaf grannri.⁵⁵

Staðalímyndir hins vestræna nútímasamfélags eru aldrei langt undan og þess vegna hugar Þóra að útlitinu áður en hún heldur á fund þó svo hún taki það einnig fram að hún leggi það ekki í vana sinn að mála sig mikið enda er hún dyggðug kona og heldur sig gjarnan réttu megin við línuna í því sem hún tekur sér fyrir hendur. Hér nýtir höfundurinn, kona, sér ekki tækifærið sem gefst til þess að koma með einhvers konar ádeilu á stöðu konunnar innan karlasamfélagsins eða skapa kvenpersónu sem fellur ekki auðveldlega undir staðalímyndir. Ef til vill finnst mörgum konum þær líkjast Yrsu og ef til vill er það ástæðan fyrir því að sögur Yrsu njóta vinsælda en líklega eru fáir kvenrithöfundar sem hafa átt jafn góðu gengi að fagna hérlendis og Yrsa Sigurðardóttir. Í grein á vefsíðunni *Knúz* fjallar Guðrún C. Emilsdóttur um persónuna Þóru eftir að hafa lesið skáldsögunar *Ösku* og *Horfðu á mig* þar sem hún segir meðal annars:

Þóra á erfitt með að standa uppi í hárinu á karlmönnum (þeir eru klárari), hún er sæt og með flottan líkama (útlit). Hún á börn, tengdadóttur, eitt barnabarn og foreldra sem hún af góðmennsku sinni leyfir að búa hjá sér þegar kreppan skellur á (umhyggjusöm).⁵⁶

Guðrún minnst reyndar á það að hefðbundnum staðalímyndum sé storkað í skáldsögunum að því leyti að Þóra er vel menntuð kona, sem reyndar er ekki óalgengt nú til dags, og fremur lítil uppreisn fólgin í því að aðalsögupersónan sé langskólagengin. Í grein Guðrúnar eru nefnd fleiri dæmi um það hvernig dæmigerð kvenhlutverk birtast í sögunum um Þóru:

Sonurinn þarf ekki nema að hringja eitt símtal og hún er boðin og búin til þess að passa, elda og redda húsnaði, svo hann og tengdadóttirin geti skemmt sér á Þjóðhátíð í Eyjum (fórnfús)!

⁵⁵ Yrsa Sigurðardóttir. *Priðja táknið*. Reykjavík: Veröld, 2006, bls. 23.

⁵⁶ Guðrún C. Emilsdóttir. *Knúz.is*. „Kvenhetjur og persónusköpun í fullorðinsbókmenntum“. 3.febrúar 2012. <<http://www.knuz.is/2012/02/kvenhetjur-og-personuskopun-i.html>> [Skoðað 23.febrúar 2012]

Hún ber sig gjarnan saman við ritarann sinn, Bellu, hvað varðar útlit og greinilegt er að hún lítur niður til hennar (samkeppni milli kvenna).

Það þarf ekki að fara nema örfáar blaðsíður inn í fyrstu skáldsöguna um Þóru, *Þriðja táknið*, til þess að finna dæmi um þetta en þar er Bellu lýst sem svo: „Hún var ekki aðeins ókurteis heldur líka fádæma óaðlaðandi. Þar var yfirþungavigtin ekki aðalatriðið heldur almennt hirðuleysi um eigið útlit.“⁵⁷ Síðan er bent á kaldhæðni örlaganna varðandi það að foreldrarnir hafi nefnt hana Bellu.⁵⁸ Guðrún bendir á frekari samskiptaörðugleika Þóru og Bellu í umfjöllun sinni sem og þær staðalímyndir sem Þóra uppfyllir og tekur sem dæmi að Þóra:

treystir sér samt sem áður ekki til að segja ritaranum til þegar hún gerir mistök eða einfaldlega veldur ekki starfinu. Frekar forðast hún hana og gerir sjálf ýmislegt sem ritarar eiga að gera (getur ekki verið „hörð“). Og rúsínan í pylsuendanum: Hún fær sér brasilískt vax til að gleðja þýska kærastann sinn, sem var svo elskulegur að þiggja starf á Íslandi...!⁵⁹

Dæmin sem Guðrún tekur eru einungis úr tveimur skáldsögum um Þóru en þær eru orðnar alls sex talsins og staðalímyndir birtast oftast en einu sinni í þeim öllum.⁶⁰ Þessi atriði verða einnig meira áberandi þegar haft er í huga að hægt hefði verið að setja staðalímyndirnar til hliðar og einbeita sér fyrst og fremst að hinni fjölhæfu, velgefnu konu en ekki hinni fjölhæfu, velgefnu *móður/kærustu/kynveru*.

Claire Colebrook bendir á að það séu til tvær tegundir kyns. Önnur tegundin tengist kynferði og líkamanum. Það eru til kvenkyns og karlkyns líkamar sem birtast okkur samkvæmt menningarbundnum staðalímyndum. Hin tegundin er menningarbundið kyn, þar sem það er í raun enginn munur á kynjunum en samfélög skipta heiminum upp þannig

⁵⁷ Yrsa Sigurðardóttir. *Þriðja táknið*. Reykjavík: Veröld, 2006, bls. 14

⁵⁸ Í *Brakinu* (2011) er samband Þóru og Bellu að þróast og Bella er Þóru mikið innan handar við rannsókn málsins. Þar er gefið í skyn að ef til vill hafi Þóra dæmt Bellu of harkalega í gegnum tíðina og að það sé meira spunníð í ritarann en hún hélt, t.d. þegar Bella aðstoðar Þóru við yfirheyrslu á bls. 91- 98.

⁵⁹ Guðrún C. Emilsdóttir. *Knúz.is*. „Kvenhetjur og persónusköpun í fullorðinsbókmenntum“. 3.febrúar 2012. <<http://www.knuz.is/2012/02/kvenhetjur-og-personuskopun-i.html>> [Skoðað 23.febrúar 2012]

⁶⁰ Í *Þriðja táknið* (2006) horfir Þóra á sig í spegli og þakkar fyrir grannan líkamsvöxt þar sem hún getur ekki sagt að hún sé falleg eða glæsileg (bls. 23). Í *Sér grefur gróf* (2007) á hún í erfiðleikum með að sinna störfum sínum og halda einbeitingunni vegna þess að hún hefur svo miklar áhyggjur af börnunum sínum (bls. 205). Í *Brakinu* (2011) hefur Þóra orð á því að hún sé vonlaus kokkur en vinkona hennar hafi gefið henni matreiðslunámskeið að gjöf en í stað þess að viðurkenna að hún sé ómöguleg í eldhúsinu blekkir hún vinkonuna með því að kaupa aðkeyptan mat og látast hafa eldað hann sjálf (bls. 62), ef til vill til þess að viðurkenna ekki að hún uppfylli ekki staðalímyndir um kjarnakonuna sem á að geta allt?

að andstaða skapast á milli karla og kvenna.⁶¹ Þóra er föst í fyrirfram ákveðnu kynjahlutverki, eins og Guðrún C. Emilsdóttir tók góð dæmi um í grein sinni. Þóra myndi að öllum líkindum komast seint upp með það að vera ekki í umönnunarhlutverkinu gagnvart börnum sínum á meðan dæmi eru um að karlmenn geri það í glæpasögum. Í tilviki Erlendar, sem er líklega þekktasta sögupersóna Arnaldar Indriðasonar, valda deilur á milli hans og fyrrverandi eiginkonunnar nánast algeru sambandsleysi milli hans og barna hans:

Eva Lind og Sindri Snær voru ávextir misheppnaðs hjónabands sem hafði lokið fyrir meira en tveimur áratugum. Erlendur hafði lítið sem ekkert samband við börnin eftir skilnaðinn. Konan hans fyrrverandi, Halldóra, réð því. Fannst hún svikin og notaði börnin til þess að ná sér niðri á honum. Erlendur lét gott heita.⁶²

Í tilviki Árna lögreglumanns í sögum Ævars Arnar Jósepsonar er svipað uppi á teningnum en í *Landi tækifæranna* eignast hann dóttur í upphafi sögunnar með fyrrverandi unnustu sinni og sér barnið nánast ekkert á meðan verið er að rannsaka sakamálið.⁶³ Þó þess konar hegðun sé ekki til fyrirmyndar eru líkur á að hún teljist eðlilegri ef um er að ræða karlmann heldur en ef kvenmaður hefði lítil eða engin samskipti við barn sitt fyrstu daga eftir fæðingu þess. Kona sem að myndi ekkert gera til að hafa samband við börnin sín væri líkast til litin hornauga og hvað þá ef hún færi beint til vinnu strax eftir barnsburð og myndi skilja barnið eftir heima, því slík kona myndi stríða gegn hefðbundnum staðalímyndum og ef til vill draga úr raunsæi sögunnar þótt það gerist að mæður fari fljótt aftur út á vinnumarkaðinn eftir barnsburð.

Líklega þyrfti Þóra nokkrar aukastundir í sólarhringinn, sérstaklega með tilliti til þess að hún sér ein um börnin sín, tengdadóttur, barnabarn, kærasta og svo alla þá sem á vegi hennar verða og þarfnast aðstoðar. Það mætti jafnvel ganga svo langt að segja að Þóra sé prýðilegt efni í píslarvott. Í það minnsta er hún ávallt tilbúin að fórna sér fyrir þá sem standa henni næst og taka að sér hlutverk bjargvættarins. Þegar foreldrar Þóru leita til hennar þegar þau lenda í fjárhagsvandræðum í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 er hún boðin og búin að bjóða þeim að dvelja hjá sér þó svo hún vilji það ekki beint enda þröngt á þingi í húsinu með 3 börn á unglingsaldri og smábarn. Hún reynir að gera gott úr málunum með því að minnast á að þegar það er pabbahelgi verði rýmra um þau en finnur samt að

⁶¹ Claire Colebrook. „Gender before modernity“. *Gender*. Basingstoke: Palgrave, 2004, bls. 9

⁶² Arnaldur Indriðason. *Röddin*. Reykjavík: Vaka- Helgafell, 2002, bls. 44

⁶³ Ævar Örn Jósepson. *Land tækifæranna*. Reykjavík: Uppheimar, 2009.

hún eigi eftir að sakna þess að fá frið og geta notið þess að vera með kærastanum, hinum þýska Matthew.⁶⁴ Sá hefur lítið um þetta að segja þó svo hann búi á þessum tímapunkti með Þóru. Henni ber skylda til þess að redda málunum og það gerir hún, hvort sem það veldur henni óþægindum eður ei. Það er í rauninni með ólíkindum hvað henni gengur vel í vinnunni, með tilliti til þess hve einkalífið er stanslaust að flækjast fyrir henni. Umönnunarhlutverkið er aldrei langt undan í skáldsögunum um Þóru og þannig fellur hún undir staðalímyndina um móðurina; sama hvað gerist og er í gangi hjá mömmu þá á hún, samkvæmt hugmyndum samfélagsins, alltaf að vera til staðar.

Konurnar hans Arnaldar

Arnaldur Indriðason ætti að vera flestum Íslendingum vel kunnur en á síðustu árum hefur hann verið áberandi á sviði glæpasagnaritarar og sent frá sér fjölda skáldsagna. Flestar fjalla þær um lögreglumanninn, Erlend og félagi hans í lögreglunni, Sigurð Óla og Elínborgu, og hefur meðal annars verið gerð kvikmynd eftir einni bókinni um þau. Þó svo Erlendur sé líklega frægasta sögupersóna Arnaldar verður fjallað um tvær kvenpersónur Arnaldar í þessum kafla, lögreglukonuna Elínborgu og lögfræðinginn Söru úr skáldsögunni *Betty* auk þess sem fjallað verður um Marion Briem, lærimeistara Erlendar lögreglumanns en óljóst er í skáldsögunum hvort Marion sé karl eða kona.

Lögreglukonan Elínborg hefur verið á hliðarlínunni ásamt Erlendi í flestum sögunum um lögreglumanninn og er lesendum glæpasagnanna góðkunnug. Yfirleitt hefur hún verið aukapersóna í skáldsögunum en í *Myrká* frá árinu 2008 fær hún hins vegar að láta ljós sitt skína og er þar í aðalhlutverki. Elínborg lætur sitt ekki eftir liggja þegar kemur að rannsóknarstörfunum og virðist í alla staði góður rannsakandi en það er áberandi í sögunni að Elínborg er ekki aðeins lögreglumaður heldur er hún einnig prýðileg húsmóðir. Strax í upphafi annars kafla er sagt frá því þegar Elínborg er að huga að matarinnkaupum. Hún hafði lofað drengjunum sínum að hafa kvöldmat og bendir á það að maðurinn hennar væri ómögulegur kokkur – þótt það fylgi að hann sé duglegur að ganga frá eftir matinn.⁶⁵ Elínborgar er ástríðukokkur og er það áhugamál hennar að vissu leyti rauði þráðurinn í gegnum skáldsöguna. Vangaveltur Elínborgar um mat og matseld vekja þó ekki bara upp hungur hjá lesandanum heldur gera það að verkum að hann fer að sjá Elínborgu fyrir sér sem heimilislega, með svuntu og písk í hendinni, við lögreglustörfin. Indversk matargerð

⁶⁴ Yrsa Sigurðardóttir. *Horfðu á mig*. Reykjavík: Veröld, 2009, bls. 37

⁶⁵ Arnaldur Indriðason. *Myrká*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2008, bls. 10.

er mest áberandi í skáldsögunni. Sjálf heldur Elínborg mikið upp á indverskan mat og er vakin athygli á þeirri staðreynd þegar hún finnur ilminn af tandoori kryddi af einu sönnunargagnanna og síðar meir þegar hún leiðir hugann að þessum atburði er gefin upp uppskrift að tandoori rétti.⁶⁶ Í þessu tilviki nýtist reynsla Elínborgar og áhugi hennar á matargerð henni vel við það að koma henni á sporið en einnig er þetta hluti af persónusköpun höfundarins og með þessu getur verið að hans sé að reyna að láta lesandanum líða eins og hann þekki Elínborgu. Áhugakokkar eru af báðum kynjum og karlar jafnt og konur njóta sín vel í eldhúsinu og það kemur jafnframt fram í *Myrká* að þetta sé leið Elínborgar til þess að slaka á.⁶⁷ Það, að höfundurinn tönlist í sífellu á matreiðsluáhuga Elínborgar, gæti tengst raunsæiskröfum lesandans. Glæpaskáldsögur eru oftast en ekki undir áhrifum frá lesandanum þar sem lesandinn gerir kröfu um að söguvið glæpasögunnar sé í takt við þann raunveruleika sem hann þekkir.⁶⁸ Það getur því vel verið að við lesendurnir viljum láta minna okkur á kvenleika kvenhetjanna til þess að trúá því sem að á sér stað í viðkomandi skáldsögu, því yfirleitt eru konur oftast tengdar við matargerð en karlar. Í þessu tilviki er stöðug áminningin um hina hversdagslegu húsmóður þó fullmikið af hinu góða. Áherslan sem er lögð á hugleiðingar Elínborgar um mat í sögunni hafa truflandi áhrif, því þó svo ilmurinn af tandoori-kryddinu hafi komið rannsakandanum á sporið beinist athygli lesandans að konunni í eldhúsinu. Elínborg hefur reyndar komið sér vel fyrir innan lögreglunnar og þess karlmiðaða veruleika sem þar þrífst og verður ekki fyrir jafnmiklu mótlæti og t.d. Katrín sem sagt var frá hér á undan. Í tilfelli Elínborgar hefði verið hægt að einbeita sér meira að glæpnum, sem að var framinn, án þess að leggja svona mikla áherslu á heimilisstörfin, þó svo áður nefnt innskot um indverska matargerð hafi verið nauðsynlegt til að finna lausn gátunnar sem liggur að baki glæpnum. Fremur hefði mátt leggja áherslu á manneskjuna Elínborgu frekar en húsmóðurina.

Skáldsagan *Betty* er frábrugðin hinum bókum Arnaldar á þann hátt að í stað þess að sagan sé sögð í þriðju persónu er *Betty* fyrstu persónu frásögn einstaklings sem hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Lesandinn veit ekki fyrir hvað en strax á fyrstu síðum bókarinnar er ljóst að það tengist kynnum aðalpersónunnar af háskakvendingu Betty sem

⁶⁶ Sama rit, bls. 23 og 46.

⁶⁷ Arnaldur Indriðason. *Myrká*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2008, bls. 238.

⁶⁸ John Scaggs. *Crime Fiction*. London & New York; Routledge, 2008, bls. 147.

aðalsögupersónan verður yfir sig ástfangin af. Lesandinn fær þær upplýsingar að aðalpersónan er lögfræðingur sem eiginmaður Bettýjar ræður í vinnu en það líður ekki langur tími þangað til Bettý hefur taldregið aðalsögupersónuna. Samband þeirra verður eldheitt og að lokum aðalsöguhetjunni að falli. Nafn sögupersónunnar er ekki gefið upp fyrr en um miðbik bókarinnar og líklega hefur mörgum brugðið í brún þegar í ljós kom að lögfræðingurinn er kona en átjándi kafli bókarinnar hefst á orðunum „Ég man ekki nákvæmlega hvernig ég uppgötvaði að ég væri lesbía“.⁶⁹ Það kemur í ljós að sögupersónan heitir Sara, hún er samkynhneigð kona sem fer ekki leynt með kynhneigð sína.

Allar líkur eru á því að framan af hafi lesandi *Bettýjar* séð aðalsögupersónuna fyrir sér sem karlmann en eftir að það kemur í ljós að elskhugi Bettýjar er kona og þarf lesandinn allt í einu að fara gegnum allt sem hann hefur séð fyrir sér og endurskapa atburðarásina uppá nýtt. Þessi aðferð Arnaldar, að láta lesandann ekki vita hvers kyns aðalsöguhetjan er fyrr en sagan er komin langt á veg, hristir upp í lesandanum og skekur þann raunveruleika sem hann hefur skapað sér innan skáldsögunnar. Donna Haraway segir:

félagslegur raunveruleiki er félagsleg tengsl, okkar mikilvægasta pólitíska smíði, tilbúningur sem breytir heiminum. Alþjóðlegar kvennahreyfingar hafa skapað „reynslu kvenna“, ásamt því að svipta hulunni af eða uppgötva þessa mikilvægu sameiginlegu sýn. Reynsla kvenna er tilbúningur og staðreynd þessarar mikilvægustu pólitísku tegundar.⁷⁰

Þrátt fyrir það sem Haraway segir um að reynsluheimur kvenna sé tilbúinn, þá ímyndum við okkur reynslu og upplifun kvenna ólíka þeim reynsluheimi sem karlar lifa í og þegar það kemur í ljós að aðalsöguhetjan er kona er líklegt að lesandinn fari að endurhugsa allt sem gerst hefur fram að þessu í sögunni út frá sjónarhóli kvenmannsins. Sá raunveruleiki sem lesandinn telur sér trú um að eigi sér stað innan glæpasögunnar hefur nú breyst og núna þarf að samræma hann raunveruleika þess samfélags, sem lesandinn tilheyrir, svo hann eigi möguleika á því að taka atburðarás skáldsögunnar trúanlega. Það að lögfræðingurinn sé kona riðlar öllu jafnvæginu sem hefur verið í bókinni fram að þessu, ef svo mætti að orði komast. Lesandinn hafði séð fyrir sér karlmann, og þar sem við tilheyrum samfélagi þar sem gagnkynhneigð sambönd eru normið, hafa flestir séð

⁶⁹ Arnaldur Indriðason. *Bettý*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2003, bls. 116.

⁷⁰ Donna Haraway. *Simians, Cyborgs, and Women*. „A Cyborg Manifesto“. London: Free Association Books, 1991, bls. 149. [Mín þýðing]

ástarsambandið á milli Bettýar og lögfræðingsins fyrir sér sem samband milli karls og konu.

Í ritdómi um *Betty* á *Bókmenntir.is* segir Úlfhildur Dagsdóttir: „Sem fyrr heldur Arnaldur sig við hefðbundnar formúlur, en fyrir utan einn hressilegan uppásnúning í anda Wachowsky bræðra, heldur sagan sig við formúlu harðsoðna reyfarans.“⁷¹ Í gagnrýninni vill Úlfhildur ekki gefa upp hver áður nefndur uppásnúningur er en það er að sjálfsögðu rétt kyn Söru. Hún segir jafnframt að Arnaldur haldi sig við formúlur reyfarans að öðru leyti og gefur í skyn að það að Arnaldur haldi kyni aðalsögupersónunnar leyndu fram undir miðja bók sé það sem gerir söguna sérstaka. Á meðan lesandinn hélt að Sara væri karlmaður hefur nauðgunarsenan aðra merkingu en þegar í ljós hefur komið að fórnarlambið er kona. Þannig hefur öllu verið riðlað og sagan er nú lesin með öðru hugarfari. Karlgering Söru vekur einnig upp spurningar. Sara segist vilja sjá um Betty⁷², en það er oftast ekki eitthvað sem tengt er karlmönnum, þeir sjá um að færa björg í bú meðan konan hugsar um heimilið. Sara hefur auk þess aldrei leitt hugann að því að til séu kvenfangaverðir og auk þess dvelur hún á Litla-Hrauni en það er staður sem líklega flestir tengja karlmenn við. Reyndar dvelja allir, bæði karlar og konur, sem eru úrskurðaðir í einangrun, á Litla-Hrauni. Það er þó sjaldgæft að konur séu úrskurðaðar í gæsluvarðhald, en það væri ekki fyrr en konan væri dæmd í lausagæslu að hún yrði send í Kvennafangelsið í Kópavogi.⁷³ Þessi staðreynd um einangrunarvist fanga á Íslandi er þó líkast til eitthvað sem búast má við að sé á fæstra vitorði og því ýtir dvöl sögupersónunnar á Litla-Hrauni undir það að lesandinn ímynda sér að hér sé um karlmann að ræða. Arnaldur reynir einnig að villa um fyrir lesandanum með því að gefa ekkert uppi um útlit Söru, klæðaburð eða annað slíkt. Það að höfundurinn kjósi að fela kyn sögupersónunnar vekur þó upp spurninguna um hvers vegna kyn Söru fékk ekki að vera augljóst frá upphafi og hvers vegna hún gat ekki verið sjálfstæð og sterk kona án þess að þurfa að lúta staðalímyndum hinnar karlgerðu lesbíu. Skafti Þ. Halldórsson segir í ritdómi um *Betty* í Morgunblaðinu að:

Að vísu notar höfundur persónu hennar til að takast á við samfélagslega fordóma og er það vel að sakamálahöfundar glími við samfélagsvandamál jafnhliða því að segja sögur. En mér

⁷¹ Úlfhildur Dagsdóttir. „Háskakvendi á norðurlóðum. *Bókmenntavefurinn*.

http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-20475/ [Skoðað 6.apríl 2012]

⁷² Arnaldur Indriðason. *Betty*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2003, bls. 12, 13 og 68.

⁷³ Samkvæmt upplýsingum fengnum í samtali við Eiríki Hreini Helgasyni, deildarstjóra framhaldsdeildar hjá Lögregluskólanum þann 7.mars 2012.

finnst getuleysi lögfræðingsins til að takast á við rangar sakagiftir og verjast þeim með ólíkindum. Að mörgu leyti minnir persónan á módernískt rekald og hugsanlega hefur höfundur á einhverju stigi sögunnar hugsað sér að beina athyglinni frekar að innheimum hennar og kafaískri stöðu hennar sem sakbornings.⁷⁴

Eins og Skafti bendir á gerir Sara lítið til þess að verja sig og lætur flest yfir sig ganga. Hún er því fyrst og fremst fórnarlamb, burtséð frá glæpnum sem framinn var og ytir þannig undir staðalmyndir um konu sem lendir í hremmingum og getur sér enga björg veitt. Stuttu áður en rétt kyn hennar kemur fram er henni nauðgað af eiginmanni ástkonu sinnar í sögunni. Sara tilheyrir þannig hópi kvenna sem að verða fórnarlömb þrátt fyrir að virka sterkar og sjálfstæðar á yfirborðinu, en algengt er að sjá dæmi um kvenrannsakandann sem fórnarlamb í erlendum sjónvarpsþáttum og glæpasögum. Sem dæmi um það má nefna Ellen, félagu Harry Hole úr sögum Jo Nesbø, en hún er myrt í skáldsögunni *Rauðbrystingi* eftir að hafa komist á snoðir um spillingu innan lögreglunnar.

Feluleikur með kyn tengist annarri sögupersónu Arnaldar, dularfulla einstaklingnum Marion Briem, sem erfitt er að segja til um hvort sé karl eða kona. Marion hefur birst öðru hvoru í sögum Arnaldar um lögreglumanninn Erlend og árið 2011 kom út skáldsagan *Einvígið* þar sem Marion Briem er í aðalhlutverki. Margir lesendur Arnaldar hafa eflaust verið forvitnir í gegnum tíðina um það hver Marion Briem er í raun og veru en þeir þurfa að setta sig við að það sé lítið um bein svör um kyn Marion í þessari bók. Í ritdómi um bókina á Bókmenntavefnumsegir Úlfhildur Dagsdóttir að:

Marion Briem er fyrrum yfirmaður og lærimeistari Erlendar og kemur fyrst við sögu í *Mýrinni* (2000) og deyr í *Vetrarborginni* (2005), án þess að kyn persónunnar sé nokkurn tíma gefið upp. Og ég get ekki betur séð en að kynið sé enn óútkljáð í lok þessarar sögu, þrátt fyrir að margt gefi sterklega til kynna annað kynið umfram hitt.⁷⁵

Vissulega er sagt frá uppruna og æsku Marion í *Einvíginu* en persónan er sjaldan kölluð annað en Marion. Sé *Einvígið* þó lesið í þeim tilgangi að komast að því hvers kyns Marion er, er vel hægt að finna vísbendingar um kyn lögreglumannsins. Snemma í sögunni er talað um *þá* þegar Marion gengur ásamt karlmanni til að líta á vettvanginn þar sem

⁷⁴ Skafti Þ. Halldórsson. „Tálkvendi“. *Morgunblaðið*, 11.nóvember 2003
<<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/762938/>>. [Skoðað 16.apríl 2012]

⁷⁵ Úlfhildur Dagsdóttir. „Undir urðarmána“. *Bókmenntavefurinn*.

<http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-29188/> [Skoðað 6.apríl 2012]

unglingspilturinn Ragnar var myrtur.⁷⁶ Annað dæmi eru eftirfarandi samræður sem eiga sér stað á milli samstarfsfélaganna Marion og Alberts: „Marion tók eftir hikinú á honum. „Hvað?“ sagði *hann*. „Ha ekkert,“ sagði Albert.“⁷⁷ Þarna spyr Marion hvernig Alberti líður og höfundurinn skrifar *hann* í stað *Marion*. Síðar í skáldsögunni er Marion að ræða við vitni ásamt Alberti samstarfsfélaga sínum og þar er samtalið eftirfarandi: „Hittust þið á laun? Vitni þótti það einhvern veginn líklegt.“ „Á laun?“ át hún eftir *honum*.“⁷⁸ Yfirheyrslunni hefur, fram að þessum hluta og þeim sem á eftir kemur, verið stjórnað af Marion en ekki Alberti en þar sem tveir lögreglumenn eru að yfirheyra vitnið gæti það vel verið Albert sem spurði spurningarinnar. Með nokkurri vissu má þó fullyrða að Marion Briem sé karlkyns en lesandinn gæti kosið að hunsa það. Það er vel hægt sjá Marion Briem sem fyrst og fremst kynlausan ríkisstarfsmann sem er góður í að leysa sakamál.

Útliti Marion er aldrei lýst og athyglinni þannig beint að því að kyn Briem er óljóst. Snemma í frásögn *Einvígisins* segir ein sögupersóna við aðra: „Hefurðu einhvern tímann lent í því að sjá ekki strax hvort einhver er karl eða kona?“⁷⁹ í kjölfar þess að viðkomandi hittir Marion í fyrsta sinn. Finna má fjölmörg dæmi um óljóst kyn Marion í bókinni en það er nokkuð víst að Arnaldur ætlar sér ekki að koma upp um rétt kyn Marion með augljósum hætti. Þessi saga sýnir hversu mikilvægt kynið er því líklega hafa flestir velt því fyrir sér í gegnum tíðina hvers kyns Briem er. Óvissan veldur óöryggi hjá lesandanum og við höfum tilhneigingu til þess að hallast að öðru hvoru kyninu eftir aðstæðum. Judith Butler spyr meðal annars að því hvort það sé „holdlegur“ líkami á undan hinum skynjaða líkama og tengir þá spurningu við fordóma tengdum líkamshlutum, t.d. brjóstum og kynfærum.⁸⁰ Líkaminn hefur mikið að segja um skynjun okkar og viðmót gagnvart öðrum manneskjum og þar með eigum við erfitt með að upplifa annað fólk sem kynlaust. Þess vegna eru lesendur líklega fljótir að sjá Marion fyrir sér sem annað hvort kynið við lestur *Einvígisins*. Í umfjöllun sinni um *Einvígið* á vefsíðunni *Druslubækur og doðrantar* segir Erna Erlingsdóttir:

Stærsti veikleikinn á meðferð kynjasögunnar í *Einvíginu* er að karlkynið hefur ósjaldan talist sjálfgefið kyn og kvenkynið frávik og það var tvímælalaust tilfellið í lögreglunni árið 1972.

⁷⁶ Arnaldur Indriðason. *Einvígið*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2011, bls. 18.

⁷⁷ Sama rit, bls. 53.

⁷⁸ Sama rit, bls. 151.

⁷⁹ Sama rit, bls. 22.

⁸⁰ Judith Butler. *Gender Trouble*. New York & London: Routledge, 2006, bls. 155-156.

Þar sem kynferði Marion vekur lengst af hvorki viðbrögð fólks né verður tilefni athugasemda veikir það töluvert þann möguleika að Marion geti verið kona.⁸¹

Undir lok skáldsögunnar er líklegt að lesandinn sé farinn að sjá Marion fyrir sér sem karlmann, hvort sem hann hefur tekið eftir þeim dæmum sem nefnd voru hér á undan eða ekki, þótt ekki væri nema vegna þess að persónan á í ástarsambandi við konu, því gagnkynhneigð er talin sjálfgefin í okkar samfélagi á meðan samkynhneigð er frávik. Judith Butler fjallar í bók sinni *Gender Trouble* um *verufræði kyns* þar sem hún útskýrir hvað það þýðir að vera kona eða karl samkvæmt fyrirbærafræði. Ályktun hennar er sú að „það að vera kyn er *afleiðing*, hluti af ættfræði sem útleggur pólitíska hjálparliði verufræðinnar“.⁸² Þannig má segja að við búum í samfélagi þar sem við erum flokkuð eftir kyni, komið er fram við okkur á ólíkan hátt eftir kyni og flestallt í okkar lífi er kynmiðað. Það er því áhugaverð hugmynd hjá Arnaldi að skrifa bók um sögupersónu sem vafi leikur á hvers kyns er. Í raun skiptir það litlu máli þegar upp er staðið. Marion er fyrst og fremst, hvort sem viðkomandi er karl eða kona, hæfur lögreglumáður og í því er ádeilan fólgin. Við sem lesendur getum þó ekki annað en velt kyninu fyrir okkur þar sem við lifum og hrærumst í kynmiðuðum heimi.

Hvað með karlana?

Fram að þessu hefur verið fjallað um kvenmenn í íslenskum glæpasögum en hvað með karlmennina? Í þessum kafla verður kannað hvort þeir þurfi einnig að kljást við staðalímyndirnar í sínum störfum, rétt eins og konurnar. Einnig verður lítillega fjallað um aðrar konur sem koma við sögu í erlendum glæpasögum.

Í sjónvarpsefni sem fjallar um löggur eða einkaspæjara eru karlar oft og tíðum í aðalhlutverki. Lögreglustarfið er „karlastarf“, starf innan stéttar þar sem karlar hafa lengi verið, og eru enn, í miklum meirihluta. John Scaggs segir að „það skapist vandamál á milli kynjanna þegar konur hefja störf á stað þar sem er jafnmikið feðraveldi og innan lögreglunnar, en sú starfsstétt er nokkurs konar karlmennsku-heimur.“⁸³ En er karlmennskan jafn mikið atriði hjá körlum sem starfa innan jafn karlmiðaðrar stéttar og

⁸¹ Erna Erlingsdóttir. *Druslubækur og doðrantar*. „Berklar, skák, bío og fleira“, 8. nóvember 2011. <<http://bokvit.blogspot.com/2011/11/berklar-skak-bio-og-fleira.html>> [Skoðað 7. mars 2012]

⁸² Judith Butler. *Gender Trouble*. New York & London: Routledge, 2006, bls. 45. [Mín þýðing]

⁸³ John Scaggs. *Crime Fiction*. London & New York; Routledge, 2008, bls. 102.

kvenleikinn er hjá konum? Ein þekktasta karlpersóna íslenskra glæpasagna er líklega Erlendur Sveinsson, rannsóknarlögreglumaðurinn úr sögum Arnaldar Indriðasonar. Erlendur kom fyrst fram á sjónarsviðið í skáldsögunni *Synir duftsins* sem kom út árið 1997. Í formála í kiljuútgáfu bókarinnar sem kom út árið 2003, segir Úlfhildur Dagsdóttir:

Formúlan sem Arnaldur fylgir byggist fyrst og fremst á hinu klassíska löggupari, annar er yfirmaðurinn, gamall í hettunni, þreyttur og bitur, ómenntaður og keyrir oft en ekki á innsæinu. Hinn er yngri og ferskari, hvatvís og vel menntaður og máli farinn. Hann vill fara eftir reglunum og er afskaplega framagjarn.⁸⁴

Hér á hún við þá féлага Erlend og Sigurð Óla sem eru í stærstu hlutverkunum í þessari fyrstu skáldsögu um Erlend Sveinsson. Eins og Úlfhildur bendir á eru samstarfsfélagarnir tveir algerar andstæður. Erlendur hefur marga fjöruna sopið og er þunglyndur einfari meðan Sigurður Óli horfir bjartsýnn á allt lífið sem hann á framundan og sá síðarnefndi veit vel að Erlendur er erfiður í samstarfi og með stórt skap.⁸⁵ Á meðan Sigurður Óli er jákvæður gagnvart tækniþróunum og slettir á enskri tungu bölsótast Erlendur út í allt sem ekki er íslenskt eða honum þykir framandi. Katrín Jakobsdóttir segir í *Glæpum sem ekki fannst* að „spenna milli samstarfsfélaga sé algengur drifkraftur í lögreglusögum. Hún er sköpuð með því að láta félagana vera andstæður. Í tilfalli Sigurðar Óla og Erlends er annar háskólagenginn en ekki hinn. Að auki er um kynslóðarbil að ræða.“⁸⁶ Sigurður Óli er frekar þolinmóður gagnvart duttlungum yfirmanns síns og reyndar virðast flestir vera umburðarlyndir gagnvart Erlendi þrátt fyrir að hann sé þumbaralegur, neikvæður og oft skapstyggur. Það er vel hægt er að bera viðbrögð samstarfsmanna Erlendar saman við viðbrögð samstarfsmanna Katrínar, lögreglukonunnar úr skáldsögum Ævars Arnar Jósepsonar, en minnst var á það í kaflanum um hana hér á undan að hún fær stundum á sig glósur um að geðsveiflur hennar séu tengdar kyni hennar. Erlendur fær ekki á sig slíkar athugasemdir, þrátt fyrir þungt geð. Hann passar vel inn í karllægan heim lögreglunnar, enda karlmaður, og vel gæti verið að skappungi hans sé karlmennskutengdur og ef til vill merki um þrautseigju. Hins vegar uppfyllir hann staðalímyndina sem lesendur gætu haft um hinn bitra, fráskilda, miðaldra lögreglumann sem hefur brennt flestar brýr að baki sér í

⁸⁴ Úlfhildur Dagsdóttir. „Gleðilega glæpasögu“. *Synir duftsins*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2003, bls. 6.

⁸⁵ Arnaldur Indriðason. *Synir duftsins*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2003, bls. 38.

⁸⁶ Katrín Jakobsdóttir. *Glæpurinn sem ekki fannst – saga og þróun íslenskra glæpasagna*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands – Háskólaútgáfan, 2001, bls. 58.

einkalífinu og lifir nánast eingöngu fyrir starfið.⁸⁷ Dóttir Erlendar er eiturfjaneitandi og sonur hans drykkjusjúklingur auk þess sem móðir þeirra er bitur og reið út í fyrrum eiginmann sinn og hefur ítrekað talað illa um hann í eyru barna sinna svo þau sjá hann líka sem illmenni.⁸⁸ Erlendur á margt sameiginlegt með öðrum lögreglumönnum úr norrænum glæpasögum og þá helst Martin Beck úr sögum Sjöwall og Wahlöö og Kurt Wallander úr sögum Henning Mankell en þessir lögreglumenn eru einnig frásildir, þungir í skapi og eiga í stirðum og erfiðum samskiptu við sína nánustu. Það er ekki erfitt að finna dæmi um fleiri lögreglumenn sem eru skapstirðir einfara, t.d. Harry Hole, drykkfelldi rannsóknarlögreglumaðurinn, úr skáldsögum Jo Nesbø, og hörkutólið Jack Reacher úr sögum Lee Child. Eflaust væri lengi hægt að telja upp karlpersónur sem passa inn í þessa mynd og greinilegt að hinn skapþungi, drykkfelldi lögreglumaður er vinsæl staðalímynd innan glæpasagna.

Árni Þórarinsson hefur gefið út nokkrar skáldsögur um blaðamanninn Einar, en sú fyrsta, *Nóttin hefur þúsund augu*, kom út árið 1998. Rétt eins og Erlendur er Einar fráskilinn einfari sem drekkur mikið en ásamt því að vera blaðamaður er hann áhugasþjari. Í umfjöllun sinni um verk Árna á vefnum *Bókmenntir.is* segir Katrín Jakobsdóttir:

Reyndar má segja að aðalpersónueinkenni Einars í þessari fyrstu sögu sé stöðug áfengisdrykkja og reyndar ótrúlegt að nokkur maður geti hugsað skýrt með slíkt áfengismagn í blóðinu. Hjá Einari eru þó timburmennirnir ekki síður áberandi en drykkjan og drykkjan verður því hálf kaldhæðnisleg. Spæjarastörfin falla jafnvel í skuggann af drykkju Einars og sálarstríði.⁸⁹

Katrín segir að það sé meðal annars vegna þessa, sem sögurnar um Einar blaðmann eru tengdari bandarísku hefðinni en sögur annarra íslenskra höfunda, en Einar beitir ekki hefðbundnum rannsóknaraðferðum heldur fer áfram á innsæinu. Katrín lýkur grein sinni á að segja að sögurnar um Einar blaðmann séu „markverðasta tilraun sem gerð hefur verið hér á landi til að innleiða harðsoðnu glæpasöguna inn í íslenskan bókmenntaheim“ og er mikið til í því hjá henni en eins og áður hefur komið fram er harðsoðni spæjarinn sjálfstæður og engum háður. Einar, blaðamaður, passar vissulega inn í þetta form þar sem

⁸⁷ Sjá inngangsorð ritgerðar

⁸⁸ Arnaldur Indriðason. *Synir duftsins*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2003, bls. 58-59.

⁸⁹ Katrín Jakobsdóttir. „Ný tegund glæpasagna – Um sögur Árna Þórarinssonar“. *Bókmenntavefurinn*.

<http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18673/RSkra-129> [Skoðað 19.mars 2012]

hann gerir það sem honum hentar í leit sinni að lausn málsins. Blaðamaðurinn er reyndar ekki mjög hetjulegur - það mætti í rauninni segja að hann sé nokkurs konar andhetja. Drykkjusýkinni fylgir þynnka og oftar en ekki vandræði og slagsmál þegar Einar er vel í glasi. „Skilaboðin í speglinum eru ótvíræð: Svona á ekki að gera þetta. Andlitið er eins og barið buff, augun blóðhlaupin og baugarnir undir þeim minna á svartan farðann á leikurum þöglu myndanna.“⁹⁰ Höfundurinn fer ekki leynt með galla Einars og þannig uppfyllir hann einnig staðalímyndina sem lesendur hafa gjarnan af hinum einmana, fráskilda, óhamingjusama einkaspæjara. Drykkjan gerir hann aumkunarverðan og það eru eflaust ekki margir sem myndu vilja skipta um hlutverk við blaðamanninn. Eins og Katrín Jakobsdóttir benti á í grein sinni eru vandamál Einars í forgrunni og oft og tíðum erfitt að halda athyglinni á glæpnum og rannsókninni fyrir fortíðar- og nútíðardraugunum Einars. Sá sem brýtur helst upp staðalímyndina um einmana, fráskilda lögreglumanninn er Stefán, yfirmaðurinn úr bókum Ævars Arnar Jósefssonar. Stefán er hamingjusamlega giftur til margra ára, á uppkomin börn sem hann er í góðu sambandi við og barnabörn sem veita honum mikla ánægju. Í skáldsögunni *Önnur líf* deyr kona hans, Ragnhildur, skyndilega⁹¹ en Stefán heldur áfram sínu striki og sekkur aldrei í djúpt þunglyndi eða drykkju. Í sömu seríu kemur lögreglumaðurinn Guðni, sem mótsvarið við heilbrigðu einkalífi Stefáns en hann er drykkfelldur, of feitur og erfiður í samskiptum. Í lok áðurnefndrar bókar situr hann í fangelsi eftir að hafa komið sér í mikil vandræði og ekki er að sjá að hann eigi afturkvæmt úr þeirri klípu í bráð. Karlarnir virðast því ekki vera alfarið lausir undan því að falla undir staðalímyndir í glæpasögum heldur þó sú staðalímynd tengist oftar en ekki drykkju þeirra og erfiðleikum í einkalífinu.

Konur í öðrum löndum

Ef litið er út fyrir landsteinana, á erlendar glæpasögur, má vel finna dæmi um konur sem láta ekkert á sig fá í rannsóknarstörfum. Í því samhengi má nefna hinn óhefðbundna einkaspæjara Precious Ramotswe úr *Kvenspæjarastofu* bókunum eftir Alexander McCall Smith. Sögurnar um hana gerast í Afríkuríkinu Botsvana og ekki aðeins er Precious Ramotswe, Mma Ramotswe eins og hún er kölluð í bókunum, prýðilegur einkaspæjari heldur er hún sjálfstæð og ákveðin og fer sínar eigin leiðir. Í fyrstu skáldsögunni *Kvenspæjarastofa nr.1*. kemur fram að þannig var það ekki alltaf. Eitt sinn var Mma

⁹⁰ Árni Þórarinsson. *Nóttin hefur þúsund augu*. Reykjavík: Mál og menning, 1999, bls. 79.

⁹¹ Ævar Örn Jósefsson. *Önnur líf*. Reykjavík: Uppheimar, 2010, bls. 238.

Ramotswe í hryllilegu, ofbeldisfullu hjónabandi⁹² og ekki sú sterka kona sem birtist lesendum í skáldsögunum. En hún ákvað að verða ekki fórnarlamb og boðskapur sagnanna er fallegur. Boðskapur sagnanna er í raun sá að fólk á að láta drauma sína rætast. Auk Mma Ramotswe koma aðrar sterkar konur við sögu, t.d. ritari og aðstoðarspæjari Mma Ramotswe, Mma Makutsi, og forstöðukona munaðarleysisjahælisins, Mma Potokwane. Sterkar konur sem láta engan bilbug á sér finna hafa verið í aðalhlutverkum í fleiri skáldsögum. Í spennutrylli Thomas Harris, *Lömbin þagna*, er lögreglukonan Clarice Starling í aðalhlutverki en hún gefur körlum ekkert eftir þegar kemur að því að sinna starfi sínu og lýkur sögunni þannig að hún kemst í mikla hættu en tekst að handasama raðmorðingjann Vísunda-Villa.⁹³ Þar er það konan sem stendur framur körlunum enda tókst henni að leysa málið sem engum öðrum tókst að leysa. Hún á það sameiginlegt með Mma Ramotswe að eiga sér truflandi fortíð sem að situr í henni og eitt sinn var hún fórnarlamb. Í skáldsögum Henning Mankell kemur lögreglukonan Linda við sögu en hennar átök eru aðallega við föður sinn, aðalsöguhetjuna Kurt Wallander, og því fer minna fyrir því að átök séu á milli hennar og samstarfsfélaganna.

Það er hægt að finna fjölmörg dæmi um konur í erlendum glæpasögum sem eru fyrst og fremst staðalímyndir og einnig konur sem eru sjálfstæðar og fá fyrst og fremst að vera lögreglumenn eða spæjarar og síðan kvenmenn. Í umfjöllun sinni um femínisma innan glæpasagna segir John Scaggs að „sé vöntunin á fyrirrennrum kvenhetjunnar skoðuð, þá er harðsoðna glæpasagan, sú undirtegund glæpasagnanna sem sýnir mest kvenhatur, sú ólíklegasta til þess að verða grundvöllur uppbyggingar femínisma.“⁹⁴ Samkvæmt Scaggs var það þó einmitt það sem gerðist með útkomu bókar P.D. James, *An Unsuitable Job for a Woman* árið 1972, en í þeirri bók bregður fyrir harðsoðnum kvenspæjara. Síðan þá hafa konur stigið fram sem aðalpersónur innan harðsoðnu glæpasögunnar eins og ekkert sé og gott dæmi um það er Stella Blómkvist. En þó svo það megi eflaust finna dæmi um fjölmargar tegundir kvenpersóna sem miðla mismunandi boðskap til lesenda sinna, eins og áður sagði, þá er hægt að segja með nokkurri fullvissu að innan heims glæpasögunnar eigi karlar auðveldar uppdráttar en konur sem rannsakendur, því starfsvettvangur þeirra er karllægur og kyn þeirra stendur minna í vegi fyrir þeim. Rétt eins og tilvitnunin, í John Scaggs hér að ofan gefur til kynna, þá gæti vel verið að það hreinlega vanti undirgrein

⁹² Alexander McCall Smith. *Kvenspæjarastofa nr.1*. Reykjavík: Mál og menning, 2004, bls. 54-56.

⁹³ Thomas Harris. *Lömbin þagna*. Reykjavík: Úrvalsbækur, 1991, bls. 331.

⁹⁴ John Scaggs. *Crime Fiction*. London & New York; Routledge, 2008, bls. 77.

glæpasagna sem að er jafnréttismiðaðri en þær sem finnast núna, undirgrein sem býður upp á femíníska orðræðu án fordóma.

Konurnar á bak við karlana - niðurstöður

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um nokkrar kvenpersónur í íslenskum glæpasögum, þar sem dregin er upp sú mynd að þó svo þær séu vel starfi sínu vaxnar er ítrekað gert ráð fyrir því að þær uppfylli einhvers konar staðalímynd. Það, hvernig sögupersónurnar verða fyrir fordómum og mótlæti við störf sín, getur vel verið hluti af raunveruleikakröfu lesenda og samfélagsins í garð glæpasagna. Ríkjandi kynjahugmyndir gera það að verkum að margir búast við því að karlar séu harðir af sér og þannig kjörnir í hlutverk einkaspæjarans á meðan sömu hugmyndir gera ráð fyrir því að konur séu viðkvæmar fyrir og eigi þess vegna erfitt uppdráttar á starfsvettvangi sem krefst þess að þær sýni hörku, staðfestu og láti tilfinningarnar ekki hlaupa með sig í gönur. Einnig er gert ráð fyrir því að þær mæti fordómum og séu jafnvel líklegri til að lenda í stöðu fórnarlamb.

Þær kvenpersónur sem hér hefur verið fjallað um eiga það allar sameiginlegt að vera fagmenn en vegna kyns síns mæta þær stöðugu mótlæti og þurfa ávallt að hafa sig meira í frammi til að sanna ágæti sitt. Það skiptir ekki máli hversu mörg sakamál þær leysa eða hvort þeim gengur vel í vinnunni. Þóra er ávallt fyrst og fremst móðir, föst í umönnunar- og bjargvættarhlutverkinu. Stella Blómkvist klæðist niðþröngum fötum sem ýta undir kynþokka hennar og uppfyllir þannig staðalímyndir um tálkvendið meðan hún uppfyllir einnig staðalímyndir um hina karlgerðu lesbíu. Og þó svo að Katrín fái stöðuhækkun og sýni að hún er vel starfi sínu vaxin, fær hún á sig ýmsar neikvæðar athugasemdir sem tengjast kyni hennar og upplifir sig utan við karlklíkuna sem er starfrækt innan lögreglunnar.

Sögurnar sem hér hefur verið fjallað um benda á, hver sá sinn hátt, að ef til vill er tími til þess kominn að ríkjandi viðhorf í garð kvenna taki breytingum. Sögur Ævars Arnar Jósepsonar reyna ekki að draga úr því hversu karlmiðaður starfsvettvangurinn er fyrir konur innan lögreglunnar og benda lesandanum þannig á misréttið sem þar viðgengst. Stella Blómkvist þarf að setja upp hörkutólsgrímuna áður en hún hefur störf á degi hverjum og bregða sér í hlutverk karlsins þar sem það nægir henni ekki að vera kona. Loks benda sögur Yrsu Sigurðardóttur á, hvort sem það er meðvitað hjá höfundu eða ekki, að konur taki aðra sífellu fram yfir sig sjálfar - síuþeknar við það að reyna að fullnægja

þörfum annarra gleyma þær að setja sjálfar sig, í fyrsta sæti og fórna sér frekar fyrir aðra, oftast en ekki af skyldurækni frekar en löngun. Þær konur, sem hefur verið fjallað um í þessari ritgerð, beina athygli lesandans að því að það er kominn tími á breytingar, ekki aðeins hjá samfélaginu heldur einnig í hugarfari kvennanna sjálfra. Það mun ekkert breytast nema að konur ákveði sjálfar að hlutirnir eigi að þróast, að veröldin sem við lifum í eigi að hætta að vera karlmiðuð eða kynjamiðuð – óskastaðan væri sú að samfélagið mæti fólk eftir verðleikum og gjörðum en ekki kyni. En á meðan konur verða fyrir fordómum, fá á sig staðalímyndatengdar athugasemdir og taka því þægjandi, fórna sér fyrir fjölskylduna og fólkið í kringum sig eða taka á sig karlhlutverk til þess að komast í gegnum daginn þá verður erfitt fyrir þær að hætta að vera konan á bak við karlinn og verða konur sem standa körlum jafnfætis... og ef til vill frammar. Rétt eins og Judith Butler, Cordelia Fine og Donna J. Haraway benda á í verkum sínum þá eru það fyrst og fremst við sjálf, og þar af leiðandi samfélagið, sem mótum hugmyndir samfélagsins um stöðu karla og kvenna. Og hvort sem það sé tilgangur höfundanna eða ekki þá er vel hægt að lesa þær sögur sem fjallað var um í ritgerðinni með kvenstaðalímyndir í huga og sögurnar verða þá að samfélagsádeilu, því hver fyrir sig sína þær ólíkar tegundir kvenna sem allar búa í svo sannarlega í karlaheimi.

Heimildaskrá

Arnaldur Indriðason. *Röddin*. Reykjavík: Vaka- Helgafell, 2002.

- *Synir duftsins*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2003
- *Betty*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2003.
- *Myrká*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2008.
- *Einvígið*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2011.

Árni Þórarinnsson. *Nóttin hefur þúsund augu*. Reykjavík: Mál og menning, 1999.

Butler, Judith. *Gender Trouble*. New York & London: Routledge, 2006.

Colebrook, Claire. „Gender before modernity“. *Gender*. Basingstoke: Palgrave, 2004, bls.9

Eiríkur Hreinn Helgason, deildarstjóri framhaldsdeildar Lögregluskólans. Viðtal tekið þann 7.mars 2012.

Erna Erlingsdóttir. *Druslubækur og doðrantar*. „Berklar, skák, bío og fleira“, 8.nóvember 2011. <<http://bokvit.blogspot.com/2011/11/berklar-skak-bio-og-fleira.html>> [Skoðað 7.mars 2012]

Félag íslenskra bókaútfendna. *Metsölulisti 25.12.11 - 31.12.11*. <<http://bokautgafa.is/index.php/2011/267-metsoelulisti-251211-311211>> [Skoðað 6.mars 2012]

Fine, Cordelia. *Delusions of Gender*. Icon Books: London, 2010.

Guðrún C. Emilsdóttir. *Knúz.is*. „Kvenhetjur og persónusköpun í fullorðinsbókmenntum“. 3.febrúar 2012. <<http://www.knuz.is/2012/02/kvenhetjur-og-personuskopun-i.html>> [Skoðað 23.febrúar 2012]

Haraway, Donna J. *Simians, Cyborgs ,and Women*. „A Cyborg Manifesto“. London: Free Association Books, 1991.

Harris, Thomas. *Lömbin þagna*. Reykjavík: Úrvalsækur, 1991.

Iser, Wolfgang. „The reading process: A phenomenological approach“. *Modern Criticism and Theory - A Reader*. Ritstjórar David Lodge og Nigel Wood. Essex: Pearson Education Limited, 1988.

Katrín Jakobsdóttir. *Glæpurinn sem ekki fannst – saga og þróun íslenskra glæpasagna*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands – Háskólaútgáfan, 2001.

Kristjana Guðbrandsdóttir. DV. „Stella Blómkvist ætlar að koma út úr skápnum.“ <<http://www.dv.is/menning/2011/9/19/stella-blomkvist-aetlar-ad-koma-ur-skapnum/>> 19.september 2011. [Skoðað 1.febrúar 2012]

Marini, Margaret Mooney. „Sex and Gender: What do we know?“. *Sociological Forum*, árg.5, nr.1, 1990.

McCall Smith, Alexander. *Kvenspæjarastofa nr.1*. Reykjavík: Mál og menning, 2004.

Mulvey, Laura. „Woman as Image, Man as Bearer of the Look“, *Media and Cultural Studies Keywords*, ritstj. Meenakshi Gigi Durham & Douglas M. Kellner, Oxford: Blackwell Publishing Ltd, 2006.

Scaggs, John. *Crime Fiction*. London & New York; Routledge, 2008.

Skafti Þ.Halldórsson. „Tálkvendi“. *Morgunblaðið*, 11.nóvember 2003 <<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/762938/>>. [Skoðað 16.apríl 2012]

Stella Blómkvist. *Morðið í Stjórnarráðinu*. Reykjavík: Mál og menning, 1997.

- *Morðið í Sjónvarpinu*. Reykjavík: Mál og menning, 2000.
- *Morðið í Alþingishúsinu*. Reykjavík: Mál og menning, 2002.
- *Morðið í Drekkingsarhyl*. Reykjavík: Mál og menning, 2005.
- *Morðið í Rockville*. Reykjavík: Mál og menning, 2006
- *Morðið á Bessastöðum*. Reykjavík: Mál og menning, 2012

Úlfhildur Dagsdóttir. „Gleðilega glæpasögu“. *Synir duftsins*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2003.

- „Háskakvendi á norðurslóðum. *Bókmenntavefurinn*.
<http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-20475/>
[Skoðað 6.apríl 2012]
- „Undir urðarmána“. *Bókmenntavefurinn*.
<http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-29188/>
[Skoðað 6.apríl 2012]

Wilson, Anna. “Death and the Mainstream: Lesbian Detective Fiction and the Killing of the Coming-Out Story“. *Feminist Studies*, árg. 22, nr. 2.

Yrsa Sigurðardóttir. *Priðja táknið*. Reykjavík: Veröld, 2006.

- *Sér grefur gröf*. Veröld: Reykjavík, 2007.
- *Horfðu á mig*. Reykjavík: Veröld, 2009
- *Brakið*. Reykjavík: Veröld, 2011.

Ævar Örn Jósepsson. *Svartir Englar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2004.

- *Blóðberg*. Reykjavík: Mál og menning, 2006.
- *Sá yðar sem syndlaus er*. Reykjavík: Uppheimar, 2006.
- *Land tækiferanna*. Reykjavík: Uppheimar, 2009.
- *Önnur Líf*. Reykjavík: Uppheimar, 2010.